

**ÞINGGERÐ
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS**



**32. ÁRSPING
1992**

32. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið á Hótel Borgarnesi í Borgarnesi 2. - 3. maí 1992.

LAUGARDAGUR 2. MAÍ.

SETNING ÞINGS

Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega Hannes P. Sigurðsson frá ÍSí.

1. KOSNING ÞINGFORSETA

Kolbeinn Pálsson stakk upp á Gísla V. Halldórssyni sem fyrsta þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi. Kolbeinn fól Gísla stjórn þingsins.

Þingforseti Gísli V. Halldórsson byrjaði á að bjóða þingfulltrúa velkomna fyrir hönd heimamanna og þakkaði traustið. Vonast til að við eigum farsælt þing sem skili þeim lögum og reglugerðum sem geri það að verkum að starfið geti orðið sem best í framtíðinni.

Þingforseti stakk upp á Kolbeini Pálssyni sem 2. þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

2. KOSNING ÞINGRITARA

Pétur Hrafn Sigurðsson var kosinn 1. þingritari og Ingvi Árnason 2. þingritari.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Fjárhagsnefnd:

Ólafur Rafnsson, Gunnar Sveinsson og Bjarni Steinarsson

Laga og leikreglanefnd:

Torfi Magnússon, Gísli Georgsson og Hans Egilsson

Allsherjarnefnd:

Helgi Bragason, Egill Reynisson og Ingólfur Jónsson

Kjörbréfanefnd:

Einar Bollason, Ríkharður Hrafnkelsson og Einar Ólafsson. Til vara Kristinn Stefánsson.

Allar þessar nefndarskipanir voru samþykktar samhljóða.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Kolbeinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar. Stjórnin setti sér það markmið að halda settri fjárhagsáætlun og á reikningum sambandsins má sjá að það hefur tekist að mestu leyti. Verksvið sambandsins hefur

aukist til mikilla muna á síðusu árum. Álagið á skifstofu hefur aukist mikið og hefur leikjafjöldi t.d. tvöfaldast á síðastliðnum fimm árum. Aukning hefur einnig verið í erlendum samskiptum KKÍ og landsleikjum hefur fjölgað. Þakkaði Kolbrínu Jónsdóttur fyrir að færa bókhaldið fyrir KKÍ í sjálboðavinnu. Sagði að þjónusta skrifstofu KKÍ gæti verið betri, en vinnuálagið væri mikið og vegna húsnæðisleysis og fjárhagsskorts hefði ekki verið ráðinn viðbótarstarfskraftur. Úr þessu verður þó bætt fyrir næsta keppnistímabil. Vonast til að fjárhagsáætlun verði samþykkt þannig að gert verði ráð fyrir viðbótarstarfskrafti á skrifstofu KKÍ.

Kolbeinn skýrði frá ráðstefnum sem sóttar hafa verið. Enn fremur frá því frumkvæði KKÍ um að tölvaða ÍSÍ og í framhaldinu alla íspróttahreyfinguna.

Kolbeinn skýrði frá Norður Evrópuþeild félagsliða.

Hann ræddi einnig ýmis atriðið sem fram koma í skýrslu stjórnar og nefnda og fram koma í Ársskýrslu KKÍ.

Að lokum vildi Kolbeinn þakka öllum stjórnarmönnum, nefndarmönnum og starfsmönnum fyrir samstarfið og mjög vel unnin störf. Hann vildi ekki síst þakka framkvæmdastjóra KKÍ fyrir mjög vel unnin störf. Veldi kjörfuknattleiksins rís hátt og við skulum vinna að því að það haldi áfram.

Kolbeinn sagði að hann væri að ljúka sínu öðru kjörtímabili og að hann hefði eftir vandlega fhugun ákveðið að gefa kost á sér til formanns áfram þar sem margvíslegum verkefnum væri ekki lokið sem hann hefði áhuga á að ljúka.

Þingforseti þakkaði Kolbeini fyrir skýrsluna og stakk upp á að gjaldkeri flytti einnig sína skýrslu og svo yrðu umræður um báðar skýrslurnar á eftir ef enginn hreyfir andmælum.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ. Vildi í upphafi benda mönnum á að í reikningum vantar blað í skýringar sem liggur frammi.

Vildi fylgja reikningunum úr hlaði með nokkrum orðum, áður en hann færi í gegn um þá lið fyrir lið. Í fyrsta lagi klingja enn í eyrum orð Einars Bollasonar um að það ætti ekki að reka KKÍ með hagnaði. Sagðist sammála þessu en einnig að KKÍ eigi ekki að skila tapi. Það er óhjákvæmilegt að nokkrar sveiflur verði á milli ára og í ár vorum við að vinna upp tap síðastliðinna ára sem skýrist af stórauknum verkefnum sambandsins ásamt harðari slag um auglýsingar.

Við skilum tekjum umfram gjöld upp á u.þ.b. 1.500.000 kr. Okkur var falið að skila hagnaði upp á rúmar 800.000 kr. skv. fjárhagsáætlun. Við verðum að skila áframhaldandi hagnaði næsta ár til að koma eiginfjárstöðu KKÍ á núllið. Telur forsendur til að halda hagnaði án þess að skerða þjónustu. Telur að það þurfi að ráða viðbótarstarfskraft á skrifstofu. Benti á að kostnaðarsöm verkefni sem koma á næsta tímabili varðandi landslið karla.

Ólafur ræddi svo um einstaka liði ársreikninga KKÍ og skýrði þá.

Að lokum vildi Ólafur koma inn á þætti sem hann hefur rekið sig á á sínu fyrsta ári í stjórn KKÍ. Ólafur sagðist hafa verið í stjórn félags kynnst þeim vandamálum sem stjórnir standa frammi fyrir vegna sinna leikmanna. Þeir segjast hafa lagt svo svo mikið á sig og fá aldrei neitt í staðinn. Að hans mati er samband félaga við leikmenn sambærilegt við samband félaga við KKÍ. Leikmenn eru ekkert annað en félögin, KKÍ er ekkert annað en félögin. Þetta er sami hluturinn. Það sem við erum að gera þegar við erum að skera niður og auka tekjur er að við erum að auka tekjur okkar allra, við erum að spara fyrir okkur öll. Sagðist hafa verið mjög gagnrýninn á rekstur skrifstofunnar áður en hann kom til starfa hjá KKÍ. En hefur sannfærst annað. Eftir að hafa kynnt sér rekstur skrifstofu KSÍ og HSÍ kemur í ljós að við erum að vinna sambærileg störf og þessi sambönd með einum manni á meðan þau hafa þrjá til fjóra menn í fullu starfi. Enn fremur eru KSÍ og HSÍ með virkar nefndi til viðbótar. Við berjum inn statistik sem ekkert annað samband gerir. Ólafur sagðist svara þeim fyrirspurnum sem fram kynnu að koma.

6. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA

Þingforseti gaf orðið laust.

Grétar Pálsson vildi byrja á að lýsa ánægju með útkomu reikninga. Hann man einnig eftir orðum Einars Bollasonar sem sagði að reka ætti KKÍ með tapi því það sýndi að einhver starfsemi væri í gangi. Hann sagði fjárhagsnefndina í fyrra hafa stillt þessu þannig upp að hallinn yrði tekinn niður á að minnsta kosti fjórum árum, en stefnt skyldi að því að það yrði gert á tveimur. Eitt vekur athygli er að reikningsárið var þá 8 dögum lengra en það átti að vera skv. lögum. Núna er það þremur vikum skemmra. Er eitthvað ófært? Vekur furðu að eitthvað sé til sem sé ófært í rekstrarreikningi t.d. vegna lokahófs. Ef vitað er um tekjur þá á að færa þær. Síðan á efnahagsreikningur að halda utan um það hvort það er óinnheimt. Annars er reikningurinn ekki réttur. Varðandi störf stjórnar telur hann að menn eigi að tjá sig um störf stjórnar og um störf framkvæmdastjóra, þó svo að hann telji að ágætt innlegg Ólafs hér áðan tilraun til að slá á þá umræðu. Pétur gerir sjálfsagt margt vel, en það er enginn hafinn yfir gagnrýni. Það er rétt að KKÍ er ekkert annað en félögin og því höfum við fullan rétt á að hafa að minnsta kosti skoðun á hlutunum og að koma með tillögur til úrbóta. Hvetur til að menn lýsi skoðunum sínum því hann veit að það er ólga í mönnum og að sú ólga verður að koma upp á yfirborðið því annars verður hún aðeins verri og það er ekki gæfulegt. Ákveðin mál sem þeir vilja ræða við stjórn og framkvæmdastjóra, en ekki á svona fundi.

Helgi Hólm byrjaði á að þakka stjórninni fyrir skýrsluna og kvað ánægjulegt að tapi skuli hafa verið snúið upp í hagnað. Það er auðvitað það sem þarf að gera. Vildi einnig taka undir að full ástæða sé að bæta við starfskrafti á skrifstofu KKÍ ef störfin hafa sýnt að einn maður ræður ekki við þau. Saknar þess að sjá ekki tillögur þess efnis og hvernig á að standa undir þeim kostnaði. Mikil ánægja að fá að ávarpa þetta þing sérstaklega með hliðsjón af því að hann tók þá ákvörðun að bjóða sig fram til formanns KKÍ. Ástæður þessa eru að hann telur þetta starf mjög áhugavert og að sú reynsla sem hann hefur aflað sér í gegn um árin nægi til að rækja þetta starf. “Ákvörðunin var tekin af mjög vel yfirlögðu ráði og það sem e.t.v. fyrst og fremst réð úrslitum var að margir og sérstaklega forystumenn á suðurnesjum hvöttu mig til framboðsins. Þeir töldu eins og ég að það væri kominn tími til að skipta um í forystu KKÍ. Ég hef alla tíð verið líttill “plottari” og því gert lítið af því að ræða við fólk í félögum og biðja um stuðning. Ég hef aftur á móti reynt að kynna mig og mínar skoðanir. Ég tel að það sé á þessu þingi hjá hverjum fulltrúa að taka ákvörðun að afloknum umræðum sem hér verða, hver á að gegna embætti næsta formanns. Þegar mín ákvörðun lá fyrir, lá ekki fyrir ákvörðun núverandi formanns um hvort hann gæfi kost á sér. Viðbrögðin sem þetta framboð hefur fengið hafa verið margskonar. Í fyrsta lagi hafa margir haft samband við mig og óskað mér góðs gengis. Aðrir telja það illan leik að gefa kost á sér til framboðs á móti sitjandi formanni. Mér datt þá í hug að Bush Bandaríkjaforseti og fleiri yrðu ánægðir ef svoleiðis hugarfar ríkti heima hjá þeim. Lýðræði er ekki mikils virði ef það er ekki notað. Á þessu þingi leggur formaður fram skýrslu um starf stjórnar. Hlutverk þessa þings að dæma um hvernig til hefur tekist. Hvort starfið hafi skilað KKÍ fram veginn. Á morgun verður lagt fyrir þetta þing að kjósa forystuna næstu ár. Þið eigið kost á ákveðnu vali. Þið getið kosið núverandi forystu sem þið hafið verið bæði ánægð og óánægð með. En þið getið líka kosið til forystu nýja aðila í þeirri von að þá kæmi nýr andblær í forystu þessa ágæta sambands. Starfið innan KKÍ á ekki að minnka.

En að hverju á að stefna í framtíðinni. Mörg verk eru óunnin. Eitt af því er kannski mikilvægast. Ég tel að starf KKÍ verði að vera markvissara og skipulagðara. Það er líka mín skoðun að KKÍ á að hafa meiri forystu að fræðslustarfi þannig að ekki standi í skýrslunni að áform KKÍ um að hafa þjálfaranámskeið hafi ekki náð fram að ganga. Það þarf að hafa meira fræðslustarf um þjálfun, framkvæmd leikja, dómgæslu og er hér aðeins fátt eitt nefnt. Það er líka mín skoðun að KKÍ þurfi að efla samskiptin við félögin. Það þarf að efla þá vitund í huga félaganna að þau verði að leggja sig fram um að gera þessi samskipti öflug. Það er líka mín skoðun að KKÍ þurfi sem fyrst að efla framþróun í mannvirkjagerð þar sem sérstaklega er haft í huga þarfir kjörfuknattleiksins því að nú er svo komið að þau íspróttahús sem keppt er í rýma ekki þann áhorfendafjölda sem vill sækja leiki. Þegar þetta gerist hefur það þau áhrif að fólk hverfur frá”.

“Það er mín skoðun að starfsemi KKÍ þurfi að snúast meir um framtíð íspróttarinnar hverju sinni. Kjörfuknattleikurinn hefur verið í stöðugri framför sem á að miklu leyti að rekja til félaganna og ég

tel að stjórn og starfsmenn KKI ætту að leggja miklu meira af mörkum í framtíðinni hvað það snertir. Ég vil ftreka það að þó ég hafi gefið kost á mér til formanns er það ekki til að kasta rýrð á núverandi formann og stjórn heldur snýst það um það sem á að gerast á morgun. Það er verið að kjósa forystu til næstu ára”.

Ingvar Kristinsson þakkaði fráfarandi stjórn skýrsluna og sagðist að mestu leyti vera sáttur við störf fráfarandi stjórnar. Allt starf snýst um að reka Íslandsmótið. Enda eru umsvifin orðin slík að erfitt er að koma þessu fyrir í spróttahúsum. Starfið er orðið svo viðamikið að erfitt er fyrir einn starfsmann að sinna því og úr því verður að bæta. Spurði um tvennt. Honum fannst ekki koma fram um hvað þessir samningar við NIKE og JAPIS hafa snúist. Dómaranefnd þakkar í sinni skýrslu NIKE og KKI líka. Hvað fékk dómaranefnd fyrir samningin við JAPIS og í hvað fara þeir peningar því félögin greiða ærið nóg í dómarakostnað þó að dómara séu ekki að fá aukapening út úr þessum samningi ef það er tilfellið. Varðandi reikningana vildi Ingvar lýsa ánægju með að það hafi tekist að snúa dæminu við varðandi reksturinn á sambandinu. En við erum með skuldir upp á um 400.000 kr og við verðum að koma þeim upp fyrir núllið, fyrr getum við ekki farið að tala um að fjárhagsstaðan sé í lagi. Aðalfundir og ársþing eru til þess að menn geti boðið sig fram til formanns og það er að sjálfsgöðu gott, en samt sem áður í svona litlu samfélagi, hjótum við að geta gert hlutina öðruvísi en eins og hér hefur verið að málum staðið.

Einar Bollason vildi þakka Helga ágætis ræðu hér áðan og tekur undir með formanni KKI að það er ánægjulegt að fá áhugasama menn sem vilja leggja hönd á plóginn og telur að það sé einstakt fyrirbrigði að það þurfi að kjósa menn í stjórn og hvað þá í formann. Þykir illt að þurfa að kjósa á milli tveggja ágættra manna þegar pláss væri fyrir þá báða og jafnvel fleiri innan stjórnar KKI. Sagði það rétt hjá Helga að við erum hér í lýðræðisþjóðfélagi. En það er einu sinni svo að þetta er lítið samfélag hjá okkur og það er nú einu sinni svo að framboð til formanns hlýtur alltaf að vekja upp urg og þá sérstaklega umtal annars staðar út í þjóðfélaginu, því yfirleitt þegar við höfum fengið framboð til formanns í spróttahreyfingunni þá hefur það annað hvort verið vegna þess að formaðurinn hefur stigið niður og þakkað fyrir sig eða að óánægja hefur verið með störf hans innan hreyfingarinnar. Einar sagðist ekki hafa heyrt nema gott eitt um störf Helga, sérstaklega við framkvæmd Norðurlandamótsins suður með sjó og er þetta ekki sagt til að kasta rýrð á hann nema síður sé. Heldur aðeins til að skýra málin. En hvernig sem þessi mál fara að þá erum við öll að vinna að framgangi kōrfuboltans og menn verða e.t.v. dálítið móðir en alls ekki sárir á eftir. Uppgangur kōrfuboltans hér í vetur hefur verið með slíkum ágætum að við verðum að fara aftur til áranna 1978-1979 til að finna hliðstæðu. Þakkar Grétari Pálssyni fyrir að hvetja menn til að koma upp. Þetta er sá liður sem menn eiga að nota til að ræða það sem miður hefur farið og auðvitað einnig það sem vel hefur verið gert.

Ólafur Rafnsson vildi byrja á að svara Grétari Pálssyni. Tekur undir að félögin eigi að koma upp og gagnrýna stjórnina. Sagði umhugsunarvert hvar sú gagnrýni birtist. Neikvæð umfjöllum, hvort sem hún á rétt á sér eða ekki, eins og átti sér stað í samskiptum Hauka og Þórs í vetur, er ekki á réttum vetvangi á síðum dagblaða. Þetta á að leysa á ársþingi eða með bréfi til stjórnar. Neikvætt umtal er slæmt fyrir hreyfinguna. Ef það er um mál sem einungis snúa að okkar innanhúsmálum þá er óþarfi að draga það fram á síður dagblaðanna. Varðandi lokahófið, og hvers vegna reikningar eru aðeins til 15. apríl. Það sem veldur þessu er að tekið var upp nýtt bókhaldskerfi og það var mikið um afstemmingar. Menn voru ókunnugir þessu kerfi og þar fram eftir götunum. Það sem fyrir okkur vakti var að hafa reikningana tilbúna rétta, í stað þess að gera þetta á síðustu stundu og hafa reikningana fulla af ágiskunum. Lokahófið er akkúrat á sama tíma og verið er að loka árinu og því gæti verið um mistök að ræða þar.

Helgi Hólm gagnrýndi okkur fyrir að hafa ekki gert tillögu að starfskrafti við skrifstofu í ár. Þetta var gert í fyrra. Þar var rekstur skrifstofu aukinn í 3.7 milljónir og þar var gert ráð fyrir að hægt væri að ráða viðbótarstarfskraft. Það er m.a. vegna þess að við ætluðum að halda þeim hagnaði sem fjárhagsáætlun setti okkur að við fórum ekki út í það að ráða auka starfskraft á skrifstofuna og því er rekstur skrifstofu vel undir mörkum.

Sagði það frumforsendu að stjórn KKI sé kunnugt um þá óánægju sem ríkir, ef hún einhver er. Ekki sé komið á ársþing og sagt að stjórnin hafi gert hitt og þetta vitlaust. Er ekki frekar að skrifa stjórninni bréf og láta hana vita að hún hafi gert hitt og þetta vitlaust? Telur að fréttabréf geti leyst þennan vanda,

en frumskilyrði þess að menn geti brugðist rétt við óánægju er að menn viti um hana. Helgi nefndi takmörkuð námskeiðahöld. Ólafur vildi benda honum á tillögur minniboltanefndar þar sem farið er ofan í þá þætti. Þar er verið að byrja á að styrkja ræturnar. Varðandi samstarf við félögin kvaðst Ólafur hjartanlega sammála. Sagði sínar persónulegu skoðanir þær að komið verði á svæðisstjórum úti á landi. Þessir svæðisstjórar hefðu nokkur völd og væru fulltrúar stjórnar úti á landi og í Reykjavík og Suðurnesjum. Önnur hugmynd er að fulltrúi frá KKÍ sitji einn til tvo stjórnarfundi hvers félags sem þess óskaði. Varðandi mannvirkjagerð má velta því fyrir sér hvort það sé sérsambands að fara út í slíkt eða hafa forgöngu um slíkt. Ef svo er taldi Ólafur að við hefðum þann besta mann sem hægt er að hugsa sér í það sem er Kolbeinn Pálsson með sinni lykilaðstöðu innan Íspróttahreyfingarinnar. Annað er að það þyrfti að gera átak í samvinnu við félögin um að koma útikörfum í lag. Lykilatriði í uppbyggingu á yngri flokkum er að krakkarnir geti gengið að útiaðstöðu hvenær sem er. Ingvar Kristinsson vildi fá nánari upplýsingar um NIKE samninginn og JAPIS samninginn. NIKE samningurinn er sjálfstætt afmarkaður í okkar reikningum og hvað varðar dómara þá gerðu þeir sjálfstæðan samning við NIKE og kemur hann ekki inn í okkar reikninga. JAPIS samningurinn kemur fram undir liðnum aðrir styrkir. Ólafur taldi ekki rétt að fara nánar út í þann samning, hvorki í tölum né á annan hátt. Dómarar fá hluta af þeim samningi en í hvað þeir peningar fara þá verður að spyrja þá sjálfa en er væntanlega ætlað til endurmenntunarmála.

Að lokum vildi Ólafur taka undir með Einari Bollasyni. Það eru næg störf innan hreyfingarinnar og ég er nú búinn að lenda í þeirri hringiðu í vetur og ef einhvern vantar verkefni þá hef ég næg verkefni fyrir menn. Þó þeim fylgi e.t.v. ekki titlar að þá hef ég næg verkefni og er til viðtals hvenær sem er.

Kolbeinn Pálsson sagðist vera til viðtals hvenær sem er fyrir félögin, en aðeins fengið eina símhringingu í vetur þar sem borin var fram kvörtun. Ég velti því fyrir mér hvort framkvæmdastjórnin standi sig svo vel og þeir sem eru að vinna fyrir sambandið að enginn þarf að kvarta. Sagðist að sjálfsögðu tilbúinn til að hlusta hvenær sem er.

Helgi Bragason benti mönnum á skýrslu dómaraefndar á síðu 24 í ársskýrslu. Vildi leiðrétta nokkuð sem þar stendur. Það má á þessu skilja að dómaraefnd hafi gert sérstakan samning við JAPIS. Svo er ekki heldur notaði KKÍ hluta af sínum samningi til að kaupa dómaraþúninga á dómara og í það fóru allir peningar sem komu til dómara úr þessum samningi.

Helgi Hólm sagði varðandi hvort framboð til formanns vekti of mikið umtal, að við yrðum að sætta okkur við það að körfuboltinn er geysilega vinsæl íþrótt og menn hafa áhuga á þessum málum og við getum ekki ráðið því um hvað menn tala og skrifa og það að einhver hafi áhuga á að bjóða sig fram til formanns KKÍ getur aldrei orðið neitt leyndarmál og það verður bara að taka þeirri umfjöllun. Það í sjálfu sér þarf ekki að vera neinn áfellingdómur yfir fráfarandi stjórn. Það er frekar að menn hafi áhuga á að vinna að þessum málum. Nú ef það á að vera svo um aldur og æfi að menn bjóði sig aldrei fram, til hvers er þá verið að kjósa? Hver á þá að ákveða hver á að verða formaður. Er það fráfarandi stjórn eða uppstillinganefnd eða er það þið þingfulltrúar sem ákveðið. Svo við skulum ekki vera feimnir við framboð. Hvað varðar það sem Ólafur sagði þá þakkaði Helgi fyrir gott tilboð. Hugmyndir hans voru mjög góðar og það er mjög ánægjulegt að fá að vita að þetta sé í gangi. Aftur á móti segir skýrsla stjórnar ekkert um þessi mál svo hún mætti e.t.v. vera ýtarlegri hvað þetta varðar. Það sem Helgi var að nefna varðandi mannvirkjagerð og það frumkvæði sem hann telur að KKÍ eigi að hafa að þá er enginn annar aðili sem getur haft þetta frumkvæði. Félögin í héraði eru fyrst og fremst að vinna að sínum málum í sambandi við sína sveitastjórnarfulltrúa. Körfuboltinn í Keflavík byggði við Íspróttahúsið af eigin afla fé og styrk bæjarstjórnar. En hvað varðar frumkvæði KKÍ um það hvernig mannvirkjagerð á að vera í framtíðinni. Hann vildi ekki sjá menn falla í þá gryfju að öll hús verði of lítil eins og t.d. Hagaskóli, Kennaraskóli. Þessi hús taka aðeins 200 - 250 áhorfendur og sprengdu utan af sér áhorfendur einmitt þegar uppsveiflan var og þetta bitnaði harðast á Reykjavíkurfélögunum. Það er orðið svo að í Keflavík er uppselt á leiki og frumkvæði KKÍ á að fylgjast með hvar er verið að byggja og setji á stofn mannvirkjanefnd KKÍ eins og t.d. KSÍ hefur gert. Sér fyrir sér að fjölnota Íspróttahús muni rísa á Suðurnesjum og í Reykjavík en þá verður að gæta þess að húsin séu við hæfi. Minntist þess að þegar var verið að byggja Íspróttahúsin í Keflavík, Selfossi og á Akranesi, hafði Íspróttafulltrúi ríkisins fyrverandi svo mikinn hug á að húsin væru fjölhæf. Því vildi hann setja völlinn út í annan enda hússins eins og er t.d. á Akranesi. Það kostaði mikla baráttu hjá Keflvíkum að fá það í gegn að hann væri

settur á miðju gólfflatarins. Þetta er dæmi um hvernig frumkvæðið á að vera. Er ekki að segja að KKÍ eigi að byggja íþróttahús en hinsvegar gæti KKÍ orðið aðili að byggingu íþróttahúss í samvinnu við hin stóru sérsamböndin. Sagði hér áðan að hann saknaði þess að sjá ekki tillögu um það að það yrði aukið við mannkost á skrifstofu KKÍ því vissulega verða menn að horfast í augu við það að verði skrifstofa KKÍ enn undirmönnuð stefnir í kaos. Reiknar með að tillögur komi frá fjárhagsnefnd um hvernig á að fjármagna það. Þessir peningar sem við greiðum í vexti fara t.d. langt með að greiða laun í verulegu hlutastarfi. Ef hægt er að ná inn t.d. fjórum milljónum í útistandandi skuldum þá væri hægt að spara mikið í vexti.

Ólafur Rafnsson vildi svara Helga varðandi vexti. Þessar útistandandi skuldir breyta ekki eiginfjárstöðu sambandsins. Útistandandi skuldir eru á dráttarvöxtum en það sem við erum með á almennum skuldabréfum er á almennum vöxtum þannig að við erum ekki að greiða vexti af því að þessir peningar eru útistandandi þannig að þetta hefur ekki áhrif á vaxtamismun.

Ingvar Kristinsson þakkaði skýr svör varðandi dómaranefnd en vekur athygli á að í reikningum stendur að JAPÍs skuldi KKÍ kr. 900.000 þannig að eitthvað virðist vera hægt að verðleggja. JAPÍs var með skilti á öllum leikjum félaganna í vetur og jafnframt voru allar buxur merktar JAPÍs. Ef þetta er verðlagt fyrir hönd kœrfuknattleiksdeildar Hauka þá er þetta upp á rúm 300.000 kr. Sagðist lítið hafa séð af þessum peningum skila sér hvorki í kynningu á leikjum né í uppbyggingu í kring um þetta samband. Það verður því að meta það hvort þessi samningur hafi skilað okkur einhverju og ef ekki þá er engin ástæða til að gera slíka samninga nema þannig að fyrirtækið fái nafnið sitt á deildina og eilífa umfjöllum um nafnið sem slíkt. Það sem umræða hefur spunnist um mannvirki og íþróttahús þá má geta þess að í Hafnarfirði hefur risið stórt og glæsilegt íþróttahús. Þetta gerðist fyrir tveimur árum og á næstu árum verður reist nýtt hús á íþróttasvæði Hauka. Þar munum við fylgja því eftir að þarna verði aðstaða fyrir okkur. Það eru okkar hagsmunir og ég veit ekki hvað KKÍ ætti að skipta sér mikið af því. Að lokum minntist Ingvar á úrslitakeppni í kvennaflokkum og telur það sterkt að taka hana upp.

Kolbeinn Pálsson vildi taka fram varðandi JAPÍs samninginn og hvort rétt sé að vera með slíka samninga. Í fyrsta lagi höfum við rætt hvort rétt sé að stjórn KKÍ geri samning sem þennan eða hvort félögin geri hann. Það var ákveðið að stjórn KKÍ tæki þetta að sér og það verður að segjast eins og er að upphæðin er trúnaðarmál. Þær tekjur sem þarna koma inn koma inn í rekstur sambandsins og til þess starfs sem við erum að framkvæma og lækkar þar af leiðandi framlegð félaga og þannig að sjálfsögðu skila þeir sér með þeim hætti til félaganna. Ræddi um að verðgildi þessa samnings er ekki eins og það ætti að vera vegna tregðu ríkisfjölmíðlanna við að nefna deildina réttu nafni.

Þingforseti bað um álit kjörbréfanefndar.

Einar Bollason skýrði frá störfum nefndarinnar. 25 íþróttabandalög, ungmenna- og héraðssambönd hafa rétt á að senda fulltrúa á þingið. Borist hafa kjörbréf frá 12 bandalögum sem samtals hafa á bak við sig 114 fulltrúa og væntanlegir eru fulltrúar frá 4 bandalögum til viðbótar. Ræddi um hvernig æskilegt er að hafa kjörbréf útfyllt og umboð fulltrúa. Þar er mikilvægt að hafa tvo vitundarvotta að undirskrift þess fulltrúa sem veiti umboðið.

Einar las upp kjörbréfin.

Íþróttabandalag Suðurnesja

Ægir Ágústsson	Kolbrún Tobíasdóttir
Guði Ölverson	
Ellert Magnússon	Guðfinnur Friðjónsson
Ingi Gunnarsson	Ingvi Jón Kjartansson
Ólafur Eyjólfsson	Guðmundur Erlensson

Héraðssambandi Hrafnaflóki

Hreiðar Jóhannesson

Korfuknattleiksráð Reykjavíkur

Gísli Georgsson	Ingólfur Jónsson
Mathías Einarsson	Sigurður Þórarinnsson
Þorsteinn Hallgrímsson	Viktor Magnússon
Helgi Bragason	Elínborg Guðnadóttir
Sigurður V. Halldórsson	Sófus Guðjónsson
Kolbrún Jónsdóttir,	Jón Bender
Björn Leósson	Björn Steffensen
Gunnar Sverrisson	Hildigunnur Hilmarsdóttir
Gauti Grétarsson	Þórarinn Gunnarsson
Tómas Holton	Sveinn Sigurkarlsson
Torfi Magnússon	Kolbeinn Pálsson
Kristinn Stefánsson	Einar Bollason
Guðmundur Þorsteinsson	Jón Þór Hannesson
Einar Ólafsson	Axel Axelsson

Íþróttabandalag Hafnarfjörðar

Ingvar Kristinsson	Sigtryggur Ásgrímsson
Ólafur Rafnsson	Brynjar Þór Þorsteinsson
Sturla Jónsson	Hálf dán Þ. Markússon
Sverrir Hjörleifsson	Brynjar Indriðason
Kristinn Guðnason	Ásgrímur Ingólfsson

Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu

Grétar Pálsson	Ríkharður Hrafnkelsson
Þórður Njálsson	Þorvaldur Pálsson

Íþróttabandalag Keflavíkur

Guðmundur B. Kristinsson	Erla Sveinsdóttir
Egill Reynisson	Helgi Hólm
Jón Ólafsson	Þórhallur Steinarsson
Stefán Arnarsson varamaður	

Ungmennasamband Kjálarness

Hannes Jónsson	Hilmar Halldórsson
----------------	--------------------

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Guðmundur Sigurjónsson	Bjarni Steinarsson
Sólrun Rafnsdóttir	Birgir Mikaelsson
Hans Egilsson	Ingvi Árnason

Héraðssambandið Skarphéðinn

Kristinn Karlsson	Pétur Hrafn Sigurðsson
Kristján G. Gunnarsson	Brynjar Níelsson

Íþróttabandalag Akraness

Hörður Harðarson	Ragnar B. Sigurðsson
Hilmar Sigvaldason	

Ungmennasamband Skagafjarðar

Þórarinn Torlacius	Hermann Agnarsson
Guðmundur Jensson	Gunnar Sveinsson
Hólmfríður Jóhannsdóttir	Jóhann Ingólfsson
Hrönn Pétursdóttir	

Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands

Kristján Rafnsson

Endanleg tala liggur ekki fyrir þar sem ekki er vitað hve margir eru mættir, enda á hún eftir að breytast er líður á daginn. Kjörbréfanefnd hefur lokið fyrsta hluta af sínum störfum og samþykkir þessi kjörbréf.

Þingforseti leitaði eftir athugasemdum við kjörbréf, þær voru engar og skoðast þau því samþykkt.

Þingforseti bar upp reikninga sambandsins til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða með þorra atkvæða.

Þingforseti bauð Hannes Þ. Sigurðsson frá ÍSÍ velkominn á þingið og hann ávarpar þingið.

Hannes Þ. Sigurðsson flutti þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og vildi nota tækifærið til að þakka stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ samstarfið á liðnu ári. Hannes sagði mikla grósku í sþróttastarfi almennt, en þó óvída jafn mikla og í körfuknattleiknum og er það mjög ánægjulegt. Sagði aðstöðu til sþróttaiðkunar hafa farið stórbatnandi á undanförunum árum. Ræddi um verkskiptingu ríkis og sveitarstjórna varðandi uppbyggingu sþróttamannvirkja. Hannes ræddi fjármálin og fagnaði því að tapi skuli hafa verið snúið í hagnað hjá KKÍ. Hannes sagði ríkisframlag til Íþróttasambanda hafa farið lækkandi undanfarin ár en á móti koma tekjur af lotto og getraunum. Hannes minntist á fræðslustarfsemi ÍSÍ og sérsambanda og hvaða skyldur ÍSÍ hefur í því efni. Einnig kom hann inn á lyfjanotkun sþróttamanna, byggingafrankvæmdir ÍSÍ í Laugardalnum og samtök um almenningsþróttir. Að lokum lýsti hann ánægju sinni yfir að hafa fengið tækifæri til að vera á þessu þingi í byrjun þess.

Kolbeinn Pálsson þakkaði Hannesi fyrir að koma á þennan fund og sitja hér með okkur og eins og málum er háttað nú er Hannes kannski sá maður innan ÍSÍ sem skilur einna best þann vanda sem sérsambönd eiga við að glíma. Eins og kemur fram í reikningum okkar, þá eru styrkir frá ÍSÍ og Lotto á milli 10 og 12% af veltu KKÍ. Það er því ljóst að framlag ríkis er allt of lágt og við vonumst til þess að ÍSÍ muni sjá til þess að úr þessu verði bætt. Ítrekaði þakkir fyrir komuna.

Þingforseti gaf hádegisverðarhlé í klukkustund.

Þingforseti bauð menn velkomna aftur til þings og gekk til dagskrár.

6. STJÓRN KKÍ LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR.

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ. Sér ekki ástæðu til að lesa áætlunina lið fyrir lið. Áætlunin liggur fyrir og tillögur henni lútandi og því eðlilegt að fjárhagsnefnd ræði þær.

7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR SEM BORIST HAFNA

8. UMRÆÐA UM AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL

Þingforseti sagðist taka þessa liði saman ef enginn hreyfði andmælum og bað menn um að fletta upp á dagskránni og fara í gegn um þingskjölin og las þingforseti upp í hvaða nefnd þingskjölin fara.

Þingskjal nr. 1 í laga og leikreglnanefnd

Þingskjal nr. 2 í allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 3 í laga og leikreglnanefnd

Þingskjal nr. 4 í laga og leikreglnanefnd

Þingskjal nr. 5 í allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 6 í laga og leikreglnanefnd

Þingskjal Nr. 7 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 8 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 9 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 10 í fjárhagsnefnd
Þingskjal nr. 11 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 12 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 13 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 14 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 15 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 16 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 17 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 18 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 19 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 20 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 21 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 22 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 23 í allsherjarnefnd
Þingskjal nr. 24 í laga og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 25 í fjárhagsnefnd

Þingi frestað þar til á morgun sunnudag

SUNNUDAGUR 3. MAÍ

Þingforseti bauð fundarmenn velkomna aftur til þings og þakkaði öllum fyrir sýðast bæði í störfum og leik.

9. ÁLIT NEFNDA

Fjárhagsnefnd

Ólafur Rafnsson mælti fyrir hönd nefndarinnar. Tók fyrir þingskjal nr. 10. Gerðu smá viðbótarskilgreiningu þannig að um er að ræða breytingu á 4 málsgrein 3. töluliðar 26. greinar. Á sama hátt er málsgreinin sem fellur út 5 málsgrein sama töluliðs. Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti sagði orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Bar þingforseti tillöguna þá undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Ólafur Rafnsson tók þá fyrir þingskjal nr. 23. Hér er verið að fjalla um tæknilegt atriði því að í dag er nánastu um sömu fjárhæð að ræða. Eftir umræður varð einhugur meðal nefndarinnar um tillöguna. Hins vegar vill nefndin gera tillögu um millipinganefnd um sjónvarpsmál og hljóðar hún svo: Nefnd verði skipuð er geri tillögur að skipan samningsgerðar við sjónvarpsfjölmíðla, samræmingu um auglýsingamál sjónvarpsleikja og leiðum til aukningar á sjónvarpsútsendingum frá körfuboltaleikjum t.d. með kostun. Leggi nefndin tillögur sínar fyrir næsta ársþing KKI. Síðan er sjálfstæð tillaga sem væntanlega verður afgreidd hér á eftir um sérstök nöfn (sjá þingskjal nr. 26).

Þingforseti sagði orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ólafur Rafnsson tók þá fyrir fjárhagsáætlun KKI fyrir næsta reikningsár. Fjárhagsnefnd leggur til að hún verði samþykkt að mestu óbreytt. Þó er sú breyting gerð að tilgreina sérstaklega á gjaldahlið útgjöld vegna viðbótarstarfsmanns á skrifstofu og jafnframt að taka tillit til endurskipulagningar vegna flutnings skrifstofu í haust. Laun starfsmanna breytist úr 3.4 milljónum í 3.5 milljónir en á hinn bóginn

komi nýr liður sem heitir endurskipulagning skrifstofu upp á eina milljón og jafnframt komi liður sem heitir rekstrarafgangur upp á 500.000 kr. Á móti þessu er tekjuhliðin færð upp með ýmsar tekjur í 7.167.000 kr. Þannig að saldótölur verða 17.590.000 kr. (sjá þingskjal nr. 27). Ólafur vildi leggja áherslu á að hér er um að ræða stefnumarkandi áætlun en ekki fjárlög því ekki er hægt að binda stjórn til að afla tiltekinna tekna á meðan sú tekjuöflun er bundin ytri skilyrðum.

Ingvar Kristinsson vildi nefna eitt atriði en það er að í niðurstöðutölum síðasta árs var talan 24 milljónir en hér liggur fyrir fjárhagsáætlun upp á 17.590 þúsund. Skýringin kann að liggja í því að hér séu eingöngu um nettó tölur að ræða en ég get ekki fundið út úr því nákvæmlega því það er verið að hækka framlag til landsliðs og einnig er ekki dómarakostnaður inni. Óskar skýringa.

Ólafur Rafnsson sagði það hárrétt hjá Ingvari að þarna eru um nettó tölur að ræða og um leið og hann spurði hvar mismunurinn væri fólgin þá svaraði hann því sjálfur í næstu setningu. Hann er fólgin m.a. í dómarakostnaði upp á 3 - 4 milljónir og í reikningunum fer hann bara inn og út og er ekki inni.

Þingforseti bar fjárhagsáætlun undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Ólafur Rafnsson þakkaði nefndinni fyrir góð störf og þeim sem að henni komu.

Laga og leikreglanefnd

Torfi Magnússon þakkaði samnefndarmönnum samstarfið og þeim sem lögðu þeim lið í þessari vinnu. Tók fyrir þingskjal nr. 1. Sagði miklar umræður hafa orðið um Lávarðadeildina og fyrirkomulagið. Ekki náðist samstaða um þetta mál í nefndinni. Stefnið allt í að þessi deild falli niður smátt og smátt því liðum fækkar stöðugt. Nefndin taldi þó rétt að hafa möguleika á að halda mót á vegum KKÍ í þessum aldursflokki þrátt fyrir að það þurfi ekki endilega að vera íslandsmót. Nefndin leggur því til að þingskjalinu verði vísað frá og í staðin verði önnur tillaga samþykkt af þinginu (sjá þingskjal nr. 28) um lávarðadeild.

Ingvar Kristinsson sagði að hér er verið að bera upp að haldið verði lávarðamót en ekki að lávarðadeildin verði lögð niður og telur að við verðum að velja fyrir okkur hvort við ætlum að hafa inn í okkar reglugerðum einhverjar reglugerðir eða lagabálka um mót sem við vitum fyrirfram að verða ekki haldin. Er ekki skynsamlegra að taka þessa deild eins og hún leggur sig og finna eitthvert keppnisform sem við vitum að gengur og leika hana með einhverjum myndarskap og keppa um íslandsmeistaratitil.

Kolbeinn Pálsson vildi víkka þetta aðeins þannig að aldurinn yrði sá sami en þetta yrði bæði fyrir karla og konur og í öðru lagi að við erum ekki einvörðungu að tala um félög heldur einnig hópa og fyrirtæki þannig að mótið yrði opið öllum. Þessi viðbót kæmi inn í þessa tillögu.

Gísli Georgsson sagðist ekki vera sáttur við að breyta tillögu nefndarinnar yfir í að setja upp firmakeppni. Finnst að þessi tillaga gefi KKÍ alla möguleika á að hafa mótið eins og KKÍ vill. Engin ástæða til að setja þetta inn í reglugerð því það kemur út eins og gengislækkun á þessu öllu. Varðandi það sem Ingvar sagði áðan um að við vissum fyrirfram að ekki yrði leikið í lávarðadeild á næsta ári þá telur Gísli að við verðum að gefa þeim félögum séns sem vilja vera með þar og spila um íslandsmeistaratitil. Við vitum ekki fyrirfram hvort það verða nægilegur fjöldi liða eða ekki. Ef það kemur í ljós að ekki verði nægilegur fjöldi liða þá lokum við deildinni, en ekki fyrirfram.

Helgi Hólm sagði ÍBK hafa tekið þátt í þessari lávarðadeild þeim til yndis og ánægju og taldi að það muni frekar fjölga í þessari deild því það er nú einu sinni svo að tíminn heldur áfram og menn eldast og sá fjöldi sem fer að koma upp fyrir þrjátíu ára markið eykst. En er sammála því að það þurfi að velja fyrir sér fyrirkomulaginu. ÍBK hætti vegna þess að við áttum í vaxandi erfiðleikum með að manna liðið þegar það fór út á land og því lenti þetta á fáum mönnum og varð ekki eins ánægjulegt. Suðurnesjamót í þessum aldursflokki var haldið í Grindavík, nokkurskonar fjöllidamót sem tókst vel

og því styður hann þá hugmynd að tekin verði upp fjölliðamót í þessum aldursflokki.

Þingforseti bar viðbót við tillögu laga og leikreglnanefndar um að lávarðamót og kóngamót verði opin báðum kynjum frá Kolbeini Pálssyni undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar þá fram tillöguna í heild sinni með áorðnum breytingum og var hún einnig samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 29).

Torfi Magnússon tók þá fyrir þingskjöl nr. 3 og 4 og leggur nefndin til að þau verði samþykkt.

Þingforseti bar skjölin undir atkvæði og voru þau samþykkt samhljóða.

Torfi Magnússon tók fyrir þingskjal nr. 6. Nefndin lagði til að þingskjalinu verði vísað frá þar sem aðrar tillögur hafa komið fram um þetta efni.

Þingforseti bar frávísunartillögu undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Torfi Magnússon tók þá fyrir þingskjöl nr. 7, 8, 9 og 11 og lagði nefndin til að öll þessi þingskjöl verði samþykkt.

Þingforseti leitaði eftir andmælum gegn því að þessar fjórar tillögur verði bornar upp í einu lagi. Andmæli reyndust engin og voru allar tillögurnar samþykktar samhljóða.

Torfi Magnússon tók fyrir þingskjal nr. 17 og lýsti nefndina samþykka tillögunni að öðru leyti en því að síðasta setningin verði strikuð út þ.e. að heimilt verði að veita verðlaun fyrir einstaklingsgetu (sjá þingskjal nr. 30).

Þingforseti bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða gegn einu.

Torfi Magnússon tók fyrir þingskjal nr. 18. Þar kom upp klofningur í nefndinni og lenti formaður hennar í minnihluta og því mun Gísli Georgsson fulltrúi meirihluta nefndarinnar tala fyrir annari tillögu.

Gísli Georgsson sagði Torfa halda sig við tillögu Jakobs eins og fram kemur á þingskjali nr. 18. Gísli las upp tillögu meirihluta nefndarinnar (sjá þingskjal nr. 31). Sagði að með þessu fyrirkomulagi sé komin réttlætning á því að halda úrslitakeppni. Skýrði jafnframt frá því að Mótanefnd sé heimillt að raða félögum niður í riðla með tilliti til landfræðilegra þátta.

Einar Bollason sagði að þegar svo viðamikil tillaga kemur upp á borðið með svo viðamiklum breytingum sé hann alltaf frekar tregur í taumi því málin þarfnast athugunar. Við höfum brennt okkur á því í gegn um árin að rjúka til og samþykkja allskyns hluti og ég vildi gjarnan hlusta á þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta og reynslu hafa af keppni í 1. deild. Tillögu Jakobs fylgir engin greinargerð og er ekki fyllilega ljóst hvað liggur þarna að baki annað en að hér er um fækkun leikja að ræða og þá e.t.v. um lækkun ferðakostnaðar. Það er því nokkuð erfitt fyrir fulltrúa að fjalla um þetta mál án þess að sjónarmið þeirra sem reynsluna hafa komi til. Er um ólík sjónarmið að ræða, annarsvegar félög sem kannski, þó ekki vilji hann móðga vin sinn Torfa Magnússon, eru frekar að þessu sér til ánægju og yndisauka en stefni ekki á úrvalsdeildina og hinsvegar félög sem leggja mikið upp úr alvöru keppni.

Ragnar B. Sigurðsson sagði ÍA hafa staðið að tillögunni í fyrra til að fjölga leikjum og þeir eru sáttir með þessa tillögu meirihluta nefndarinnar. Þetta þriggja leikja fyrirkomulag var að mörgu leiti mjög ósanngjarnt og spilar þar inn í að við fengum ekki að vera viðstaddir dráttinn. Óskaði eftir skýringum á tekjuskiptingu í úrslitakeppninni.

Torfi Magnússon sagði þetta tekið beint upp úr reglum um úrvalsdeildina. Varðandi tillögu Jakobs og UMF Víkverja þá er ástæðan fyrir tillögunni sú að það er nánast óhugsandi að Víkverjar hafi fjárhagslegt bolmagn til að taka þátt í svona keppni með svo mörgum leikjum. Torfi vildi þó ekki alveg

strika Víkverja út. Hinsvegar vildi Torfi benda mönnum á, sem í umræðum í gær töldu að Víkverji ætti bara að fara í lávarðadeildina, að þeir þyrftu nú fyrst að vinna Víkverja og að Víkverji ætti eins mikinn rétt á að taka þátt og þeir. Sagðist þó ekki vera mjög fráhverfur þessari tillögu meirihlutans því hún væri mun betri en núverandi fyrirkomulag og betri en tillagan sem ÍR-ingarnir komu fram með. Eitt atriði vildi Torfi nefna en það er að í reglum úrvalsdeildar stendur að það skuli leika einn leik um sætið í úrvalsdeild en í reglum 1. deildar stendur að leika skuli tvo leiki. Það er eðlilegt að þingið velti þessu máli fyrir sér og komi með tillögur um hvernig þessum málum skuli háttáð. Hvort eigi að hafa einn, tvo eða þrjá leiki.

Ríkharður Hrafnkelsson sagðist sammála tillögu meirihluta laga og leikreglanefndar. Telur þetta betra fyrir liðin í deildinni og að liðin sem komi upp í úrvalsdeild séu betur undir það búin. En lagði fram breytingartillögu á tillögum meiri og minnihluta, varðandi leiki um sæti í úrvalsdeild á milli liðsins í næst neðsta sæti úrvalsdeildar og næst efsta sæti 1. deildar (sjá þingskjal nr. 32). Tillagan hljóðar svo: Lið sem lendir í öðru sæti leikur við lið í næstneðsta sæti úrvalsdeildar. Það lið sem fyrir sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli. Telur að rétt sé að hafa þessa leiki í samræmi við aðra úrslitaleiki sem leiknir eru.

Hörður Harðarson sagði Á vilja gera þessa deild alvarlegri en undanfarin ár. Hefur verið nokkurskonar hobbý deild og lið kannski ekki þurft að hafa mikið fyrir því að komast upp í úrvalsdeild. Með svona fyrirkomulagi er verið að fjölga leikjum til að lið séu betur undir það búin að leika í úrvalsdeild. Lið spiluðu hér áður fyrir kannski 10 leiki yfir veturinn eða einn leik í mánuði. Þetta gengur ekki fyrir menn sem eru að reyna að leggja eitthvað á sig í íþróttum. Lagði til að tillaga meirihlutans verði samþykkt.

Gísli Georgsson sagðist hafa kosið að heyra fleiri raddir frá aðilum úr 1. deildinni því ýmis atriði komu upp í gær sem menn ættu að koma upp með hér. Hugmyndirnar sem menn eru að ræða hér eru þrjár. Í fyrsta lagi hugmynd Jakobs um að fækka leikjum. Sú tillaga er í anda hobbý klúbbanna í 1. deild. Í öðru lagi hugmyndin frá ÍR um að úrslitakeppni verði sleppt. Í þriðja lagi tillagan sem var soðin saman í gær. Varðandi fyrirspurn um tekjuskiptingu er það alveg ljóst að félög hafa allar tekjur af sínum heimaleikjum það breytist eingöngu er kemur til þriðja leiks.

Ragnar B. Sigurðsson sagðist sammála orðum Gísla en vildi einnig taka undir tillöguna frá Ríkharði. Þessir tveir leikir eru happdrætti og leggur til að tillaga Ríkharðs verði samþykkt.

Elínborg Guðnadóttir fannst þessi þriðja umferð ömurleg hvað varðar ÍS. Finnst þetta fyrirkomulag meirihlutans mjög gott og muni skila sér mjög vel en hugmynd Ríkharðs varðandi þrjá leiki, þá muni 1. deildin alltaf tapa þeirri viðureign. Úrvalsdeildarliðin eru miklu betri lið og hafa verið í miklu meiri baráttu heldur en er í 1. deildinni og telur því þetta ekki til framdráttar.

Grétar Pálsson sagðist vera á öndverðum meiði við fyrverandi Snæfellingin Elínborgu. Ef úrvalsdeildarliðið er betra liðið þá verða bara tveir leikir en ekki þrír. Við viljum taka upp þetta fyrirkomulag ef að sú staða kemur upp eins og gerðist nú. Finnst sanngjarnt að bæði lið fái jafna möguleika. Í viðureign ÍR og Snæfells hefði þriðji leikurinn verið réttlátur fyrir ÍR-inganna. Áður fyrir var formsatriði að leika þegar leikinn var einn leikur, á meðan Víkverji var í öðru sætinu var þetta formsatriði. Það var framför að fjölga leikjunum í tvo en það sé rétt að hafa þá þrjá til að gæta sanngirnis og í samræmi við aðra leiki í úrslitakeppni.

Einar Bollason sagði það vera ljóst frá mönnum sem þarna eru að keppa að miklum krafti að þeir lífi svo á að tillaga Jakobs sé skref afturábak. En fann sig knúinn til að standa upp og verja Torfa því hann er auðvitað í þessu af fullum áhuga og miklum krafti, en það koma hér fram tvenns konar hagsmunir. Lýsti stuðningi við tillögu Ríkharðs og meirihlutans. Vildi þó beina því til mótanefndar að það ástand skapist ekki að það lið sem lendir í næst neðsta sæti þurfi ekki að bíða í margar vikur eftir úrslitaleikjunum.

Gísli Georgsson bað menn að gera sér grein fyrir því að botnliði í úrvalsdeild sé hyglað á kostnað toppliðs í 1. deild. Er það sem menn vilja. Sagðist sjá það fyrir sér að 1. deildarliðið sé verðlaunað

með auka heimaleik. Sagði það sína skoðun að liðin eigi að standa jafnt að vígi.

Þingforseti fór yfir hvernig eðlileg málsmeðferð verði.

Fyrirspurnir komu úr sal hvort ekki skuli ræða eða greiða atkvæði um tillögu ÍR-inga.

Torfi Magnússon sagði nefndina leggja til að tillögu ÍR-inga verði vísað frá.

Ólafur Rafnsson vildi fá ákveðin mál á breint. Sagði laga og leikreglanefnd ekki geta vísað málum frá heldur aðeins lagt til hvort þau verði felld eða samþykkt. Málum er vísað frá ef þau hafa ekki komið fram með lögformlegum hætti.

Þingforseti bar það upp hvort tillögu ÍR-inga, (sjá þingskjal nr. 43) skuli vísað frá. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ríkharður Hrafnkelsson las upp breytingartillögu sína (sjá þingskjal nr. 32).

Þingforseti bar upp breytingartillögu Ríkharðs og var hún samþykkt með 35 atkvæðum gegn 24.

Þingforseti bar upp tillögu meirihluta laga og leikreglanefndar með áorðnum breytingum og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 6.

Torfi Magnússon bar upp þingskjal nr. 20. Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði samkvæmt þingskjali nr. 33. Í mfl kvenna skal mótanefnd KKI ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal haldin úrslitakeppni með þátttöku 4 efstu liða. Liðið í 1 sæti keppir við liðið í 4 sæti. Liðið í 2. sæti keppir við liðið í 3. sæti. Lið í 1 og 2 sæti að aflokinni deildarkeppni fá heimaleik í 1. leik og ef með þarf í þeim þriðja. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik. Það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki í keppni þeirra liða telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna. Það lið sem var ofar í deildarkeppninni fær 1. og 3. og ef með þarf 5. heimaleik. Kemur í staðinn fyrir heilmikinn bálk um að ef það eru 6 lið skal leika svona og séu 7 lið þá svona osfr.

Ingvar Kristinsson telur þetta þarft mál að taka skýrt á því að leika úrslitakeppni í 1. deild kvenna. Virðist vera erfitt að ákvarða fjölda liða og telur að það sé gott að hafa þetta svona opið.

Torfi Magnússon sagði meirihluta nefndarinnar hafa komið sér saman um enn eina breytingu á tillögunni þannig að punktur verði settur eftir úrslitakeppni. Þ.e. að tillagan hljóði þannig: Að lokinni deildarkeppni skal leikin úrslitakeppni (sjá þingskjal nr. 34).

Þingforseti bar þá upp upphaflegu tillögu nefndarinnar með þeirri breytingu að orðin "eins og í úrvalsdeild" falli út (sjá þingskjal nr. 34). Var það samþykkt samhljóða.

Torfi Magnússon bar upp þingskjal nr. 22. Nefndin ræddi þetta mál fram og aftur og leggur til að þessi lagabálkur verði samþykktur með þeirri breytingu að í 4. grein verði felldur út texti sem segir að beiðni um félagaskipti ... Í staðinn komi texti sem segir: Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögsmætum fulltrúa þess félags sem gengið er úr (sjá þingskjal nr. 35).

Ólafur Rafnsson sagðist hafa saknað þeirra sem helst vilja breyta tillögunni í umræðuhópnum um málið á fimmtudagskvöldið. Sá hópur var nokkuð sammála um tillöguna eftir að þessu hafði verið lýst fyrir þeim. Sagðist með þessari reglugerð vera að reyna að horfa nokkuð fram á veginn. Peningar í íslenskum íþróttum eru staðreynd og hann vill því reyna að stíga lítið skref í þá átt að félög stjórni þessum málum en ekki leikmenn. Það verði félagin sem komi til með að vinna með þessari félagaskiptanefnd og nefndin gæti komið með tillögur til samræmingar á borð við stöðluð samningsform, staðlaðar fjárhæðir sem félög eru tilbúin að greiða. Ólafur sagðist hafa kynnt sér þessi mál hjá KSÍ og HSÍ. KSÍ standi mjög vel að málum en HSÍ virðist hafa misst þetta úr böndunum. Engin

launung er á því að með þessu frelsi sem leikmönnum er gefið á sumrin er eingöngu verið að finna leið til að fá leikmannasamninga og skuldbindingar leikmanna við félögin skráð. Vissulega er verið að leggja ákveðna kröfu á félögin að þau sendi inn tilkynningu undirritaða af viðkomandi leikmanni að hann sé skuldbundinn til 1. september t.d. og þetta yrði gert í upphafi keppnistímabils, enda er þarna ákvæði sem að gefur árs frest til að vinna að þessum málum. Telur að félagsgjöld eigi ekki að hefta félagaskipti. Félagið á að geta tryggt greiðslu félagsgjalda í upphafi með því að láta leikmann skrifa undir yfirlýsingu um hvort hann ætli að vera með í vetur. Ef svo er þá skrifar þú undir yfirlýsingu um að félagaskipti eru annað hvort bundin samþykki okkar eða þú framvísir kvittun um greiðslu félagagjalda. Félagum er svo í lófa lagið að tilkynna til KKKÍ, jafnt hvort það eru yngri flokkar með einni heildaryfirlýsingu eða öðru slíku. Telur þetta ekki mikla kvöð á félögin samfara þeim hagsmunum sem felast í því að við byrjum að skrá þetta. Ólafur kom inn á atriði sem varða reglur félaga annarsvegar og reglur KKKÍ hins vegar. Sagði þetta atriði vera um hlutgengi leikmanna í mótum á vegum KKKÍ og þær reglur setjum við en ekki félögin, enda geta reglur félaga verið mismunandi. Eins og aðstaðan er í dag ef að félag neitar að skrifa undir félagaskipti, hvað getur leikmaður gert ef hann er bundinn lögum félagsins. Hann getur ekki skipt um félag þó skuldlaus sé. Félagið getur haldið leikmanninum af hreinni illgími. Í þessari reglugerð er tekin upp sú nýjung að það þurfi undirskrift þess félags sem gengið er í. Það er ekki sjálfsgagt að leikmaður gerist félagi í félagi án þess að það vilji það, án þess að hann uppfylli skilyrði þess. Með því að hann fær þessa undirskrift þá ætti hann að skuldbinda sig til að vera bundinn félaginu utan keppnistímabils og félagið skili inn staðfestingu þess efnis til KKKÍ. Vildi benda á að þó mikil umfjöllun hafi farið fram um tillöguna í nefndinni þá hafi menn ekki rekið augun í að í 3. grein eru tveir b. liðir þannig að það verður að samþykkja tillöguna með þeim fyrirvara því þetta er einfaldlega prentvilla.

Ingvar Kristinsson sagðist hafa velt þessu ákvæði mikið fyrir sér að það félag sem gengið er úr missi á því tókin að fá að skrifa undir þau félagaskipti. Telur það varhugavert og að stofna ekki til óþarfa pappírslóðs með því að senda inn lista og samninga við alla okkar félagsmenn. Er auðvitað mikilvægt að þessir leikmannasamningar verði skráðir. En það verður að gefa möguleikann á að félög hafi ekki slíka leikmannasamninga og að menn geti ekki labbað út úr sínu félagi án þess að félagið geti haft nokkuð um það að segja. Ingvar sagðist geta bent á dæmi máli sínu til stuðnings. Haukar gátu komið í veg fyrir að einn liðsmanna þeirra gengi yfir í annað félag af því að þeir höfðu möguleika á að skrifa undir félagaskiptin. Ef svo hefði ekki verið þá hefði leikmaðurinn verið farinn án þess að Haukar hefðu getað gert nokkurn skapaðan hlut, þó svo að Haukar hefðu leikmannasamning við alla sína leikmenn. En eins og staðan var þá voru þessir samningar ekkert annað en pappír. En ef það verður skylda að senda þá inn til skráningar hjá KKKÍ þá verður þetta nokkurs konar löggilt plagg sem öll félögin gangast undir og vita af og það er kannski mikilvægasti hlekkurinn í þessu. Benti á að ef leikmaður er ekki sáttur við að fá ekki undirskrift frá sínu félagi þá getur hann skotið sínum málum til félagaskiptanefndar. Það verður þá í höndum félagsins sem hann gengur úr að leggja fram gögn um það að hann hafi ekki heimild til að skipta um félag. Getur ekki séð að ef ekki eru gild rök fyrir félagaskiptum að félagaskiptanefnd ætti að hafna félagaskiptum. Bendir á að í reglugerðinni er gert ráð fyrir að hafi leikmenn ekki leikið næstliðið keppnistímabil á undan þá þurfi ekki samþykki félagsins. Félag geta því ekki staðið gegn félagaskiptum lengur en í eitt ár. Þurfum líka að velta fyrir okkur hvort við ætlum að fara út í að gera samninga við alla okkar leikmenn. Hvort við ætlum að fara að borga öllum okkar leikmönnum? Sagði félögin ekki standa undir því að greiða mönnum laun fyrir það eitt að spila körfubolta.

Gísli Georgsson sagði Ólaf vitna ítrekað í sig hér áðan. Sagði þá greina á um leiðir. Getur illa sætt sig við það að félagi í sínu félagi geti gengið úr félaginu í annað án þess að láta kóng né prest vita. Er hreint tilfinningamál frá sinni hálfu.

Ólafi Rafnssyni fannst stínga í stúf að þurfa að snúa samnefndarmanni sínum. Það er verið að tala um að félag fái ekki að vita um úrsögn. Það er ekki verið að breyta þessu í það horf. Markmiðið með breytingunum er ákveðin upplýsingasöfnun. Það er heldur ekki verið að hvetja til þess að leikmannasamningar séu gerðir. Þvert á móti er verið að horfa á þá staðreind að þeir eru fyrir hendi og það er verið að reyna að ná utan um það mál. Er engin kvöð á félögin að koma inn á æfingu og fá menn til að skrifa undir, ef þeir ætli að vera með þá skrifi þeir undir að þeir séu bundnir fram á haust.

Ingvar Kristinsson sagðist eiga bággt með að trúa að aðeins þrír menn ætli að tjá sig um svo mikilvægt mál. Sagðist alltaf hafa haft efasemdir um hvort það sé rétt að að félögin sleppi þessu taki sem þau hafa haft á leikmönnum með að skrifa undir félagaskipti.

Gísli Georgsson sagði að hann teldi að þessi lagabálkur skuli fara inn með áorðnum breytingum nefndarinnar. Hann telur að forystumenn í kórfuknattleiknum hafi ekki haft tíma til að melta eð ræða þessa reglugerð á þeim tveim vikum sem liðnar eru frá því hún var lögð fram. Með því að samþykkja þetta þá verður umfjöllun innan félaganna á þessu ári og svo er hægt að taka þetta mál upp á næsta þingi.

Þingforseti bar upp breytingartillögu nefndarinnar á 4. grein a lið. Var hún samþykkt með 42 atkvæðum gegn 10. (sjá þingskjal nr. 22 og breytingu á þingskjali nr. 35).

Þingforseti bar þá upp þingskjalið með áorðnum breytingum og var það samþykkt samhljóða.

Torfi Magnússon bar upp þingskjal nr. 24 um erlenda leikmenn. Leggur til að þessi tillaga verði felld, en tillaga sem kom frá Gísla Georgssyni verði samþykkt en hún hljóðar svo: Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKKÍ. Verða slíkir leikmenn löglegir..... (sjá þingskjal nr. 36). Felur það í sér að hægt er að hafa fleiri en einn leikmann á samning þó einn erlendur leikmaður leiki hverju sinni.

Þingforseti bar upp breytingatillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Torfi Magnússon þakkaði samstarfið í nefndinni og við þá sem þar komu við sögu.

Þingforseti gaf 10 mínútna kaffihlé.

Þingforseti tók fyrir nefndarálit allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd

Helgi Bragason byrjaði á að þakka nefndinni góð störf. Tók fyrir þingskjal nr. 2. Nefndin leggur til að þingskjalið verði samþykkt

Þingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Helgi Bragason tók fyrir þingskjal nr. 5. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Helgi Bragason tók fyrir þingskjal nr. 12. Tillagan er dregin til baka en nefndin leggur til að þingið álykti í staðin um að: "Stjórn KKKÍ skipi millipinganeftnd strax að hausti til að skoða starfsreglur aganeftndar. Telji nefndin ástæðu til breytingar, þá leggi hún þær fyrir næsta ársþing og hljóti þær umfjöllun þar" (Sjá þingskjal nr. 37).

Þingforseti bar þessa tillögu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Helgi Bragason tók fyrir þingskjal nr. 13. Nefndin telur að samþykkja þessa ályktun með þeirri breytingu að leikið skuli síðustu helgi í febrúar í stað janúar eins og fram kemur í þingskjalinu (sjá þingskjal nr. 38).

Torfi Magnússon sagði að tillagan yrði vita gagnslaus ef henni verði breytt í samræmi við vilja nefndarinnar. Tillagan miðar að því að ná fram tveimur toppum í umfjöllun á keppnistímabilinu en það gerist ekki ef tillaga nefndarinnar verður samþykkt. Bikarkeppnin kemur viku á undan úrslitakeppni og umfjöllunin rennur út í eitt. Honum fannst heppilegast að færa bikarkeppnina fram í desember en það

er mjög róttæk breyting því þá yrði keppt tvisvar á sama árinu og það þyrfti að ræða mun betur. Þessi dagsetning er valin með tilliti til hvað er að gerast í kōrfuboltanum. Þetta er einnig þjálffræðilegt atriði því það er erfitt að halda toppi í bikarkeppni og svo viku síðar í úrslitakeppni. Það er auðveldara að gera þetta með tveggja mánaða millibili.

Ingvar Kristinsson sagðist sammála Torfa um að skv. tillögu nefndarinnar þá séum við of nálægt úrslitakeppninni. Telur betra að vera fyrstu helgi í febrúar eða síðustu helgina janúar því þá er töluverð ládeyða í umfjöllun um Íspróttir þannig að við ættum að geta fengið mikla umfjöllun um bikarúrslitaleikinn.

Gísli Georgsson heldur að allir séu sammála Torfa, en hann getur ekki felld sig við að binda sig við síðasta laugardag í janúar. Að vísu er þetta ályktun en vill leggja til að þessi leikur verði leikinn í febrúar, ekki fastnelgt. Taldi að ef leikurinn er færður of framalega, gæti sú staða komið upp að liðin sem ekki eiga séns í úrslitakeppni og bikarkeppninni lokið þá er keppnistímabilinu lokið fyrir þau félög. Þau hafa þó að minnsta kosti séns í bikarkeppninni eins og staðan er í dag.

Kolbeinn Pálsson sagðist styðja þann tíma sem Torfi Magnússon nefndi í sinni tillögu.

Þingforseti bar upp breytingatillögu við breytingatillögu nefndarinnar þannig að í stað seinasta laugardag í febrúar komi: í febrúar og var hún samþykkt með 40 atkvæðum gegn 19.

Þingforseti bar upp breytingatillögu nefndarinnar með áorðnum breytingum og var hún samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 17.

Helgi Bragason tók þá fyrir þingskjal nr. 14. Sagði að þetta væri atriði sem dómaranefnd ynni eftir.

Þingforseti bar þingskjal nr. 14 upp til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

Helgi Bragason tók fyrir þingskjöl 15, 16 og 19 saman. Nefndin lagði til að þingið álykti eftirfarandi: Félög leytist við að hafa starfsmenn á ritaraborði ávalt starfi sínu vaxna og í efri deildum hafi þeir náð 16 ára aldri. KKÍ standi fyrir stuttu námskeiði í Reykjavík þar sem farið yrði yfir hlutverk og starfssvið starfsmanna á ritaraborði. Félögum verði uppálagt að senda þangað einn fulltrúa sem myndi uppfræða starfsfólk í sínu félagi. Þá mun KKÍ standa fyrir dómaranámskeiði sem víðast um landið (Sjá þingskjal nr. 40).

Grétar Pálsson fagnaði þessari ályktun að öðru leyti en því að “í Reykjavík” er alveg óþarft. Leggur til að það falli út.

Helgi Bragason sagði að auðvitað sviði landsbyggðarmönnum að hafa þetta inni en það er auðveldast fyrir alla að fara til Reykjavíkur það er erfiðara fyrir alla að fara til Neskaupstaðar.

Þingforseti bar upp ályktunina með þeirri breytingu að “í Reykjavík” falli út og var það samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 12. (sjá þingskjal nr. 41).

Þingforseti bar þá upp allar þrjár tillögurnar með áorðnum breytingum og voru þær samþykktar samhljóða.

Helgi Bragason tók þá fyrir þingskjal nr. 21 og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt.

Helgi Hólm sagðist spyrja sig af hverju KKÍ væri svo mikilvægt að fá einkarétt á þessu atriði því samkvæmt reikningum var hagnaður af þessum leik rétt um 28 þúsund krónur og getur varla verið að í reikningum upp á 24 milljónir skipti þetta miklu máli. Þetta nafn hefur unnið sér hefð, en hvað eiga félög sem standa fyrir leikjum þar sem stjórnur annara liða koma og leika að kalla þá leiki. Af hverju skiptir þetta svo miklu máli ef um er að ræða svo litlar tekjur

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði það rétt hjá Helga að tekjur hafa minnkað af þessum leik og megin ástæðan er sú að það er ekki um að ræða einn leik heldur marga leiki. Þegar búið er að hafa tvo stjörnuleiki áður en KKÍ heldur sinn leik þá er viðburðurinn augljóslega ekki eins áhugaverður. Það er búið að sjá alla þessa útlendinga saman í leik, það er búið að sjá viðburðinn og því missir þessi stjörnuleikur marks. Ástæðan fyrir tillögunni er að auka tekjur af stjörnuleiknum sem hér áður fyrr gaf miklu meiri tekjur en hann hefur gert nú.

Ingvar Kristinsson sagðist vera sammála Pétri og hefði jafnvel viljað ganga enn lengra og segja að KKÍ hefði einkarétt á að halda leik með þessu sniði þar sem þetta verði þá orðin verulega góð tekjuöflun fyrir landslið KKÍ. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að halda marga leiki þar sem þetta heiti kemur fyrir því það er ekki hægt að selja sömu vöruna oft af mismunandi aðilum. Vildi leggja til að KKÍ hefði einkarétt á fyrirkomulaginu sem slíku.

Birgir Mikaelsson sagðist ekki vera sammála síðari hluta ræðu Ingvars því það hefðu verið haldnir stjörnuleikir á vesturlandi og fyrir norðan sem heppnuðust mjög vel og lið utan af landi fá pening og auka áhuga á leikjum. Heitið er kannski allt annað mál en ekki að útiloka þessa leiki.

Ægir Ágústsson sagðist sammála framkominni tillögu því það er rugl að vera með stjörnuleiki úti um allt land. Það á bara að kalla þessa leiki kōrfuknattleikshátíð. Þetta verður bara tóm rugl að kalla þetta allt stjörnuleiki.

Þingforseti bar ályktunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Helgi Bragason þakkaði þingforseta fyrir geysilega skilvirka og góða fundarstjórn.

10. ÖNNUR MÁL.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði það hefð fyrir því að draga þau tvö lið í riðla í úrvalsdeildinni sem féllu út í úrslitakeppninni. Það er einnig hefð fyrir því að þingforseti dragi. Samkvæmt reglum verða í A-riðli lið ÍBK, UMFT, Haukar og UBK. Í B-riðli verða Valur, UMFG, UMFS og Snæfell. Lið UMFN og KR eru dreginn í sinn hvorn riðilinn. Þingforseti dró UMFN í A-riðil og KR fer þá í B-riðil

Helgi Hólm sagði að hann hefði ákveðið að gefa kost á sér sem formannsefni. Nú hefði hann setið þetta þing í tvo daga og vildi nota tækifærið og þakka Gísla frábæra fundarstjórn og einnig fyrir skemmtilega skoðunarferð um Borgarnes. Hann sagðist hafa tekið þá ákvörðun að draga framboð sitt til baka og margar ástæður væru til þess. Hann vonaði að margt af því sem rætt hefur verið og samþykkt á þessu þingi verði grundvöllur að farsælu starfi stjórnar sem hér verður kosin. Það fer enginn í launkofa með það að það sem menn hafa kannski verið óánægðastir með er einn megin þáttur í starfi KKÍ sem er framkvæmd á íslandsmóti og öðrum mótum og við megum aldrei kasta til höndunum hvað það snertir og með því að styrkja þennan þátt í starfi KKÍ þannig að það verði unnið skipulega og markvisst þannig að þegar komi að íslandsmóti þá verði allt tilbúið frá A-Z. Ég vonast til að nýja stjórnin efli samskiptin við félögin á ýmsa lund. T.d. að hafa fleiri formannafundi sem skipulagðir eru með nægum fyrirvara. Vonast til að stjórnin geti komið á meiri upplýsingamiðlun. Jafnframt að kvennakōrfuboltinn verði eldur með markvissu átaki m.a. með því að fjölga liðum í 1. deild kvenna. Sagðist vera tilbúinn til starfa verði til hans leitað.

Ragnar B. Sigurðsson sagðist sakna þess að þegar dregið var í úrvalsdeildina að ekki skuli hafi verið dregið í 1. deildina samkvæmt þeim nýju reglum sem samþykktar voru. Í A-riðli eiga að vera Þór, Víkverji og Reynir og í B-riðli ÍR, ÍS og Bolungarvík og liðin sem dregin eru, eru Höttur og ÍA.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að fram hefðu komið hugmyndir um dómaramál á vinnufundi á fimmtudeginum. Þar var samþykkt að leggja fram ályktun sem hljóðar þannig: Ársing KKÍ álykti eftirfarandi (sjá þingskjal nr. 42)

Þingforseti sagði að þetta hafi verið kynnt hér en ekki yrði greitt atkvæði um þetta mál.

Gísli Georgsson sagði það koma fram í tillögunni sem samþykkt var áðan að fyrirkomulagið sem samþykkt var hér áðan væri ekki bindandi fyrir mótanefnd og taldi ekki rétt að dregið verði í riðla nú heldur gefa mótanefnd tækifæri til að ræða hvernig skipt verður í riðla áður en ákveðið verður að fara eftir þeim hugmyndum sem þarna eru settar fram.

Elfnborg Guðnadóttir vildi ræða kvennamál í sambandi við verðlaun í lokahófi. Henni finnst kvenfólkið ekki sitja við sama borð og karlarnir og því vill hún beina því til stjórnar KKÍ að veitt verði verðlaun fyrir efnilegasta kvenmanninn í 1. deild kvenna. Það er óánægja með þetta hjá leikmönnum 1. deildar. Þetta atriði ætti að verða til framdráttar fyrir kvennakörfuna.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að á síðasta ársþingi var samþykkt að tilnefna félög sem síðan tilnefndu menn til starfa í mótanefnd. Mótanefnd hafði ekki verið starfandi í mörg undanfarin ár þar til nú í vetur. Hugmyndir eru um að sú mótanefnd sem starfandi var í vetur verði endurkosin. Samþykkt með lófataki.

Ingvar Kristinsson sagði þetta þing hafa tekið á mörgum og góðum málum. Nefndi keppnisfyrirkomulagið í 1. deild karla. Vildi taka undir ýmislegt sem Helgi nefndi hér áðan. Það er allt of lítið að halda einn formannafund. Það þarf að efla kvennakörfuknattleikinn. Það verður að sinna honum betur en áður hefur verið gert. Sagði það plagg varðandi dómaramálin mjög gott, en það vekur ugg hversu mikið félögin eru að greiða vegna dómara en það er um 10% af veltu t.d. Hauka. Fagnaði því að við þurfum ekki að kjósa formann.

Gísli Georgsson sagðist vilja brydda á einu máli sem ekki hefur verið rætt hér, en það eru auglýsingar og auglýsingatekjur. Finnst sem umfang KKÍ í sölu á auglýsingum og gerð auglýsingasamninga hafi aukist undanfarið ár. Sér fyrir sér þróun sem hefur skeð innan handboltans að félögin og sambandið séu að bífast um sömu peningana. Er ekki kominn tími til að menn setji sér einhvern ramma um t.d. hvað KKÍ má og má ekki, eða a.m.k. að koma sér niður á einhverjar vinnureglur um samskipti stjórnar KKÍ og félaganna í þessum málum. Vill beina því til stjórnar KKÍ að hún setji upp millipinganefnd sem starfaði á næsta vetri og kæmi fram með einhverjar hugmyndir.

Einar Bollason formaður kjörbréfanefndar sagði að samtals væru 80 atkvæði á þinginu og las upp skiptingu þeirra.

Þingforseti sagði umræðunni lokið.

11. KOSNING FORMANNS

Þingforseti sagði kjörnefnd stinga upp á Kolbeini Pálssyni og var hann kosinn með lófataki.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA VARASTJÓRNAR TIL EINS ÁRS.

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í stjórn: Einar Bollason, Guðmundur Þorsteinsson og Kristinn M. Stefánsson og voru þeir kosnir með lófataki

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í þriggja manna varastjórn til eins árs: Helgi Bragason, Jón Einarsson og Sólrún Anna Rafnsdóttir og voru þau kosin með lófataki.

13. KOSNING EINS MANNS Í DÓMSTÓL KKÍ OG EINS TIL VARA

Kjörnefnd gerði tillögu um Hilmar Hafsteinson sem aðalmann og Ingi Gunnarsson til vara og voru þeir báðir kosnir með lófataki.

14. KOSNING TYVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Kjörnefnd gerði tillögu um Ágúst Jóhannesson og Guðrún Ólafsdóttir og voru þau kosin með lófataki.

15. KOSNING FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÞING

Samþykkt var tillaga um að þessari kosningu yrði vísað til stjórnar KKÍ

16. KOSNING MILLIPINGANEFNDAR VEGNA SJÓNVARPSMÁLA:

Tillaga kom um eftirtalda aðila: Helgi Hólm, Jón Þór Hannesson, Grétar Pálsson og Gunnar Sveinsson og voru þeir kosnir með lófataki.

17. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR

Þingfórseti leitaði samþykkis þingsins um að fundargerð verði send þingfulltrúum en ekki lesin upp. Samþykkt með lófataki.


Þingfórseti sagði þá vera komið að lokum þessa þings og vildi hann þakka þingfulltrúum fyrir gott þing sem hann væntir að skila muni þessari hreyfingu fram á veg eins og undanfarin ár. Hann vildi óska þeim sem hér hafa verið kjörnir til trúnaðarstarfa fyrir samtökla velfarnaðar í starfi og væntir þess að störf þeirra megi verða happadryg fyrir kórfuknattleikshreyfinguna og að lokum vildi hann þakka þingfulltrúum fyrir umburðarlyndi við sig.

18. ÞINGSLIT

Kolbeinn Pálsson byrjaði á að þakka traustid og sagðist halda áfram í sínum störfum að hlýða því sem þið ákveðið. Það hafa komið á þessum fundi góðar tillögur eins og nánara samstarf við félagin, útgáfa fréttabréfs og hér liggur fyrir fjárhagsáætlun. Starf stjórnar er að vinna að því sem þið setjið okkur fyrir og þið hafið gert á þessu þingi. Fagnaði því jafnframt að í stjórn KKÍ koma til með að sitja sömu mena og áður. Vildi segja við Helga Hólm að þeir hefðu verið að kýtast um formannsembættið. Helgi kom mjög heiðarlega fram í þeirri baráttu. "Ég vil sjá þig vinna fyrir hreyfinguna og er tilbúinn að vinna með þér. Þakka þér fyrir að gefa kost á þér og þær umræðu sem skapast hafa í kring um það hafa gert þennan fund mætari heldur en ella. Við Borgnesinga vil ég segja kærar þakkir fyrir frábæra frammistöðu. Þetta þing hefur farið fram eins vel og hugsast getur og þið eigið þakkir skildar fyrir frá okkur fyrir að hafa séð um þessa hluti."

Kolbeinn sagði að á mörgum þingum hafi Hermann heitinn Guðmundsson stjórnað af mikilli röggæmi, enda oft beðinn um að vera þingfórseti.

"Við Gísle vil ég segja að þú átt á hættu að verða kallaður til þingstarfa í náinni framtíð." Vildi að lokum þakka fyrir gott samstarf. "Við skulum halda áfram okkar sameiginlegu baráttu að gera kórfuknattleikinn stærri og sterkari. Ég vil enn og aftur þakka ykkur fyrir gott þing og þeim sem að því stóðu. Ég segi þinginu slitið."



Gísli V. Halldórsson
Þingfórseti



Pétur Hrafn Sigurðsson
Þingritari

ÞINGSKJAL NR. 1

Breyting á reglugerð nr. 10 um kōrfuknattleiksmót.

Lávarðamót: Leikmaður öðlast keppnisrétt í Lávarðamóti frá og með þeim degi er hann verður 30 ára.

Í Lávarðamóti skal stefnt að því að leika tvö fjölliðamót, annað fyrir áramót og hitt eftir áramót. Leiktími skal vera 2 X 12 mínútur. Keppnisform og keppnisstaður er ákveðinn af mótanefnd KKI og markast af fjölda liða sem taka þátt.

Þáttökugjald verður kr. 15.000 á lið pr. mót og hækkar í samræmi við hækkun á þáttökugjöldum í öðrum flokkum.

Hverju liði sem tekur þátt er skylt að útvega einstaklinga til dómgæslu og til að hafa umsjón með ritaraborði í leikjum í mótinu. Heimilt er að leikmenn sinni þessum störfum.

KKI veitir sigurlaun fyrir 1. og 2. sæti í hverju móti.

Kóngamót. Heimilt er að standa fyrir Kóngamóti sem verður með sama sniði og Lávarðamótið. Leikmaður öðlast keppnisrétt í Kóngamóti frá og með þeim degi er hann verður 40 ára

Gísli Georgsson

Vísað frá.

ÞINGSKJAL NR. 2

Breyting á reglugerð fyrir aganefnd 7. grein.

Ef skýrsla dóamra hefur ekki borist til aganefndar innan 2ggja daga eða veið póstlögð innan 2ggja daga frá því að leikurinn fór fram

Stjórn KKI

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 3

Leiktími í 8. flokki kvenna skal vera 2 X 12 mínútur og 5. mín. leikhlé.

Stjórn KKI

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 4

10. grein i) liður: Ef leikið er í einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem hlýtur flest stig samanlagt úr öllum umferðunum. Fella út: < Nema í Drengjaflokki 10., 9., og unglingsflokki kvenna þar skal leikin úrslitakeppni >

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 5

Breyting á 4. grein: Út falli: Heimalið skal ávalt leika í ljósum búningum, nema um annað sé sérstaklega samið.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 6

10. grein: 1. deild karla: Þó aldrei tvo heimaleiki í röð. Við bætist: Hafi félag fengið tvo útileiki í röð skal það fá heimaleik í næstu umferð, nema það lendi á móti öðru félagsliði sem hefur fengið tvo útileiki í röð.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 7

10. grein a) liður: Keppni þessi skal fara fram í nóvember, janúar, mars og apríl... Breytist þannig: Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu nóvember til apríl

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 8

15. grein Bikarkeppnin: Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimil þátttaka eins liðs frá hverju félagi. Breytist: Í öllum öðrum aldursflokkum er heimilt að senda tvö lið. Leikmenn sem hafa leikið með A-liði mega ekki leika með B-liði og öfugt. Lið sem leika sem A-lið í Íslandsmóti teljast A-lið í bikarkeppni.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 9

16. grein: Tafla þessi skal ekki vera bindandi séu flokar svo fáir að ekki þurfi að keppa í riðlum. Til viðbótar kemur: né heldur í riðlakeppni Íslandsmóts yngri flokka. Raða skal niður leikjum í úrslitafjölliðamótum eftir ofangreindri töflu.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 10

Breyting á 4 málsgrein 3. töluliðar 26. greinar.

Fyrir hvern dómara sem félagi vantar til að ná ofangreindu lágmarki eða dómara sem ekki vilja dæma fyrir KKÍ skulu félög greiða kr. 45.240. Upphæðin skal renna til Unglinganefndar KKÍ

Út fellur 5. málsgrein sama töluliðar: Ferðasjóður þessi skal notaður til þess að greiða ferðakostnað dómara svo langt sem sjóðurinn nær, eftir það greiðir heimalið ferðakostnaðinn.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 11

10. grein bls 22. Út falli: KKÍ ber að tilnefna minnst einn dómara til umsjónar með hverri keppni.....Þó skal aldrei velja úrvalsið í minnibolta.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 12

Tillaga til lagabreytingar á Aganefndarreglum.

Leikmanni sem vikið er af leikvelli vegna

- a) tveggja tæknivilla
- b) ópruðmannlegs orðbragðs

skal heimilt að greiða sekt til KKÍ innan viku frá dómi aganefndar eða 1 sólarhring fyrir leik er leikbannið á að taka gildi.

Sekt þessi skal nema kr. 20.000.- tímabilið 1992-1993 og endurskoðast árlega. Sektin skal renna í sérstakan sjóð er stofnaður verður til fræðslu og uppbyggingarstarfs

Körfuknattleiksdeild UMFT
Þórarinn Torlasius

Dregin til baka

ÞINGSKJAL NR. 13

Þing KÍ haldið 1.-2. maí 1992 ályktar:

Bikarkeppni í 1. aldursflokki karla og kvenna skal færð fram á keppnisímabilið og stefnt skal að henni ljúki með úrslitaleikjum sem leiknir verða í Laugardalshöll seinasta laugardag í janúar ár hvert

Torfi Magnússon

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 39)

ÞINGSKJAL NR. 14

Í úrslitakeppni 1. deildar karla skal ávalt leitast við að hafa sem reyndusut dómara. Dómarar sem einnig eru leikmenn viðkomandi deildar skulu ekki leifðir.

Körfuknattleiksdeild ÍA
Ragnar B. Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 15

Þau lið í mfl. karla og kvenna og yngri flokkum niður að Drfl., skulu hafa á ritaraborði sínu aðila sem starfi sínu eru vaxnir. Leitast skal við að starfsfólk þetta sé eigi yngra en 16 ára og hafi leyst af hendi tilskilið próf.

Körfuknattleiksdeild ÍA
Ragnar B. Sigurðsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 41)

ÞINGSKJAL NR. 16

Leytast skal við að dómaranefnd sinni óskum félaganna um námskeið þegar þau fara fram á það.

Körfuknattleiksdeild ÍA
Ragnar B. Sigurðsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 41)

ÞINGSKJAL NR. 17

Tillaga um breytingu á reglugerð KÍ um körfuknattleiksmót:

Við 10. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Stjórn KÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Skal stjórn KÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk, og skal stefnt að því að halda a.m.k. tvö mót á vegum KÍ á keppnistímabilinu. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótinu, en í samráði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningarskjal fyrir þátttöku. Heimilt er að ákveða verðlaun fyrir einstaklingsgetu og uppbyggileg atriði liðsheildar.

f.h. stjórnar KÍ
Ólafur Rafnsson

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Framangreind tillaga er niðurstaða fundar sem haldinn var á vegum KÍ þann 20. júní 1991 um málefni minniboltans, og var fulltrúum allra félagsliða KÍ boðið að sækja fundinn.

Fundarmenn voru sammála um að fella beri niður keppni í framangreindum aldursflokkum, en leggja meiri áherslu á uppbyggileg atriði. Fram hafa komið hugmyndir um að veta t.d. verðlaun fyrir t.d. þrjú lið, bestu boltatækni, best skipulagða varnarleik o.s.frv. Þá hafa menn einnig séð fyrir sér einstaklingskeppni í þessum aldursflokkum, sem t.a.m. gætur farið fram að kvöldi þeirra daga sem mót yrði haldið.

Tillagan gerir ráð fyrir að stjórn KÍ fái vald til þess að útfæra hugmyndir þessar nánar í framkvæmd, og skipi jafnframt nefnd til að annast framkvæmd mótsins. Miðað er við að 1-2 önnur sambærileg mót gætu verið haldin til viðbótar þeim tveimur mótum sem KÍ stendur fyrir, annað hvort styrkt af einstökum fyrirtækjum eða haldin af félögum sjálfstætt, að höfðu samráði við KÍ.

Hugmyndir þessar fela í sér nokkurskonar millstig fyrir yngstu iðkendurnar, og yrði aðlögun fyrir keppnishörku næstu aldursflokka. Geta þjáfarar yngstu iðkendanna með þessu einbeitt sér að uppbyggilegri atriðum við þjálfun liðanna, sem skilar sér ótvírætt þegar til lengri tíma er litið.

Sefnt er að því að fylgja hugmynd þessari eftir með kynningar- og fræðsluáttaki. Er ekki síður verið að höfða til foreldra, enda eru þau sjónarmið ekki óalgeng að börnum sé aftrað frá þátttöku í íþróttum vegna þeirrar hörðu heppnishörku sem þar ríkir. Hafa ber í huga að oft getur leyns afreksmaður í íþróttum sem ekki er mikilll bóguur að skapi til á þessum aldri, og er því æskilegt að hæfileikarnir fái einhvern tíma til að þróast áður en keppnin verður aðalatriðið.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 30).

ÞINGSKJAL NR. 18

Breytingatillaga við 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

I. Deild: Skal skipuð 8 liðum, leiknar skulu tvær umferðir og leikið heima og heiman. Eftir þá keppni skal leika fjögurra liða úrslitakeppni milli efstu liða. Í undanúrslitum skal liðið í fyrsta sæti leika við liðið í fjórða sæti og liðið í öðru sæti leika við liðið í þriðja sæti. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum kemst áfram í úrslit og það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum þar verður Íslandsmeistari í I. deild. Bæði í undanúrslitum og úrslitum gildir það að lið sem er ofar í deildinni fær heimaleik í 1. og 3. leik. Sigurvegari í I. deild leikur í úrvalsdeild næsta keppnistímabili en lið í öðru sæti leikur við næstneðsta lið úrvalsdeildar heima og heiman um þátttökurétt í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili. Neðsta lið í I. deild fellur sjálfkrafa í II. deild.

Körfuknattleiksdeild Víkverja

Felld

ÞINGSKJAL NR. 19

Viðauki við 21. grein leikreglna um skyldur ritara:

Í úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna skal vera 16 ára aldurstakmark á ritara. Þeir sem ætla að var ritara í þessum deildum skulu sækja sérstakt námskeið sem KKÍ myndi halda. KKÍ skal gefa út sérstakt skírteini fyrir þessa ritara. Leikir í þessum þrem deildum sem um ræðir geta ekki hafist fyrr en dómarar leiksins hafa gengið úr skugga um að viðkomandi ritari hafi lokið þessu námskeiði.

Það skal tekið skýrt fram að þessi tillaga á bara við um úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna en ritara í öðrum flokkum þurfa ekki að fara á svona námskeið.

Kjörfuknattleiksdeild UBK
Hannes Jónsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 41)

ÞINGSKJAL NR. 20

Breytingartillaga við 11. grein.

Í stað:

“Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau.”

verði

Í meistaraflokki kvenna 1. deild skal leikin fjórföld umferð heimaog heiman. Efsta lið að lokinni þeirri keppni kallast deildarmeistari kvenna í körfuknattleik.

Að lokinni keppni í 1. deild hefst úrslitakeppni með þátttöku 4. efstu liða. Lið númer 1. keppir við lið númer 4. Lið númer 2 keppir við lið númer 3. Lið 1 og 2 að aflokinni deildarkeppninni fá heimaleik í fyrsta leik og ef með þarf þeim þriðja. Það lið sem fyrr sigrar í 2 leikjum, leikur til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik. Sá sem fyrr vinnur þrjá leiki í keppni þeirra liða telst Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna.

Það lið sem ofar var að lokinni deildarkeppninni á 1. og 3. heimaleik og ef með þarf þann 5.

Um keppni í 2. deild kvenna skal mótanefnd KKÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða hverju sinni og þá í samráði við þau.

Felld

ÞINGSKJAL NR. 21

Tillaga um breytingu á reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót:

Við 9. grein bætist svohljóðandi málsgrein:

KKÍ hefur einkarétt á að halda kappleik undir heitinu “stjörnuleikur”. Er einstökum félögum innan vébanda sambandsins óheimilt að halda kappleik þar sem heiti þetta kemur fram á einn eða annan hátt. Stefnt skal að því að halda stjörnuleik a.m.k. einu sinni á hverju keppnistímabili. Mótanefnd KKÍ hefur umsjón með stjörnuleik að höfðu samráði við stjórn KKÍ og ákveður hverju sinni hvernig lið í stjörnuleik skulu valin.

f.h. stjórnar KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson

GREINARGERÐ MEÐ TILLÖGU:

Nokkuð hefur örlað á misnotkun stjörnuleikjaformsins, og þar með takmarkast fjáröflunargildi þeirra fyrir KKÍ. Er því lagt til að KKÍ fái einkarétt á notkun heitisins, en jafnframt steft að því að öll liðin verði sú kvöð á KKÍ að halda einn slíkan leik á ári. Er æskilegur tími slíks leiks um miðjan febrúar ár hvert. Val á liði í stjörnuleik getur verið erfitt, og hafa ýmis afbrigði litið dagsins ljós, s.s. suðurnesjaúrval gegn landinu, erlendir leikmenn gegn íslenskum o.s.frv. Hugmyndir hafa komið fram um að taka upp fyrirkomulag NBA deildarinnar, þannig að áhorfendur velji byrjunarlið stjörnuleiksins, en þjálfari velji aðra leikmenn. Þjálfari yrði t.d. valinn þannig að sá þjálfari sem stýrir því liði sem flest stig hefur eftir að vali lýkur, skuli stýra hvoru úrvali um sig.

Með þessum hugmyndum er sá ávinningur að þátttaka áhorfenda er meiri, og þeim verður betur kunnugt um það hvenær leikurinn verður haldinn. Ætti þetta að byggja upp meiri áhuga fyrir leiknum.

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 22

Sjá í viðauka aftast.

ÞINGSKJAL NR. 23

Tillaga lögð fyrir Ársþing KKÍ haldið í Borgarnesi 1. og 2. maí 1992.

1. Að 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót falli niður.
2. Að fyrsta málsgrein 26. greinar sömu reglugerðar hljóði svo:

“KKÍ er heimilt að innheimta þátttökugjöld af flokkum, sem taka þátt í mótum, sem haldin eru á vegum þess”

26. grein verði að öðru leiti óbreytt.

3. Að ný grein, 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, hljóði svo:

“KKÍ er heimilt að semja um sjónvarpsréttindi að öllum leikjum í mótum sem haldin eru á vegum þess. Allar greiðslur vegna þessa skulu renna óskiptar til KKÍ”

Greinargerð:

Í stað þess að lagður sé sérstakur skattur á þau félög sem leika í úrslitakeppni Úrvalsdeildar og úrslitaleiki í bikarkeppni þá renni greiðslur vegna sjónvarpsréttinda óskiptar til KKÍ.

Körfuknattleiksdeild Hauka
Ingvar Kristinsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 24

Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

Grein 1 hljóði svo: Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Við bætist: "Hverju félagsliði er einungis heimilt að hafa einn leikmann á samning". Verða slíkir leikmenn löglegir.....

Greinargerð:

Á síðastliðnu keppnistímabili barst erindi til stjórnar KKÍ um hvort félagi væri heimilt að hafa fleiri en einn leikmann á samningi þó aðeins annar léki í einu. Reglugerðin kvað ekki skýrt á um þetta og er með þessari breytingu reynt að bæta úr því.

Stjórn KKÍ

Felld

ÞINGSKJAL NR. 25

FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1.5. 1992 - 30.4. 1993

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti	2.600.000
Tekjur af leikjumi	500.000
Tekjur af leikskrá	400.000
Aðrar tekjur v/móta	400.000
Sjónvarpsréttindi	1.000.000
Þátttökugjöld í bikarkeppni	800.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.023.000
LOTTO	2.800.000
Selt kennsluefni	100.000
Dómaranámskeið	200.000
Ýmsar tekjur	600.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl.	5.867.000
Samtals	16.290.000

32. Ársþing Korfuknattleikssambands Íslands

GJÖLD:

Íslandsmót	450.000
Kostnaður leikskrár	350.000
Ýmis kostnaður v/móta	1.000.000
Bikarkeppni	200.000
Evrópukeppni félagsliða	360.000
Laun starfs.	3.700.000
Rekstur skrifstofu	800.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	420.000
Ýmis kostnaður	300.000
Fræðslumál	500.000
Dómaranámskeið	150.000
Þjálfaranámskeið	300.000
Landslið KKÍ	7.760.000
Samtals	16.290.000

Stjórn KKÍ

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 27)

ÞINGSKJAL NR. 26

Tillaga um millipinganefnd um sjónvarpsmál frá fjárhagsnefnd.

Nefnd er geri tillögur að skipan samningsgerðar við sjónvarpsfjölmíðla, samræmingu um auglýsingamál sjónvarpsleikja og leiðum til aukningar á sjónvarpstútsendingum korfuboltakappleikja, t.d. með kostun. Nefndin leggi tillögur sínar fyrir næsta ársþing. Í nefndinni sitji Helgi Hólm, Jón Þór Hannesson, Grétar Pálsson og Gunnar Sveinsson.

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 27

FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1.5. 1992 - 30.4. 1993

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmót	2.600.000
Tekjur af leikjum	500.000
Tekjur af leikskrá	400.000
Aðrar tekjur v/móta	400.000
Sjónvarpsréttindi	1.000.000
Þátttökugjöld í bikarkeppni	800.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.023.000
LOTTO	2.800.000
Selt kennsluefni	100.000
Dómaranámskei	200.000
Ýmsar tekjur	600.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl.	7.167.000
Samtals	17.590.000

GJÖLD:

Íslandsmót	450.000
Kostnaður leikskrár	350.000
Ýmis kostnaður v/móta	1.000.000
Bikarkeppni	200.000
Evrópukeppni félagsliða	360.000
Laun starfsmanna	3.500.000
Endurskipulagning skrifstofu.	1.000.000
Rekstur skrifstofu	800.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	420.000
Ýmis kostnaður	300.000
Fræðslumál	500.000
Dómaranámskeið	150.000
Þjálfaranámskeið	300.000
Landslið KKÍ	7.760.000
Rekstrarafgangur	500.000
Samtals	17.590.000

Fjárhagsnefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 28

Þing KKÍ haldið 1. - 2. maí 1992 ályktar:

KKÍ skal halda lávarðamót. Leikin skulu 2 fjölliðamót, annað fyrir áramót og hitt eftir áramót. Keppnistilhögun og keppnisstaðir skulu ákveðin af mótanefnd KKÍ og markast af fjölda liða, sem skrá sig til þátttöku.

Ef áhugi er fyrir hendi skal mótanefnd KKÍ jafnframt standa fyrir Kóngamóti með sama sniði.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 29).

ÞINGSKJAL NR. 29

Þing KKÍ haldið 1. - 2. maí 1992 ályktar:

KKÍ skal halda lávarðamót sem opið er báðum kynjum. Leikin skulu 2 fjölliðamót, annað fyrir áramót og hitt eftir áramót. Keppnistilhögun og keppnisstaðir skulu ákveðin af mótanefnd KKÍ og markast af fjölda liða, sem skrá sig til þátttöku.

Ef áhugi er fyrir hendi skal mótanefnd KKÍ jafnframt standa fyrir Kóngamóti með sama sniði.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 30

Tillaga um breytingu á reglugerð KKÍ um kórfuknattleiksmót:

Við 10. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Skal stjórn KKÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk, og skal stefnt að því að halda a.m.k. tvö mót á vegum KKÍ á keppnistímabilinu. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótinu, en í samráði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningarskjal fyrir þátttöku.

f.h. stjórnar KKÍ

Ólafur Rafnsson

GREINARGERÐ MED TILLÖGU:

Framangreind tillaga er niðurstaða fundar sem haldinn var á vegum KKÍ þann 20. júní 1991 um málefni minnibotans, og var fulltrúum allra félagsliða KKÍ boðið að sækja fundinn.

Fundarmenn voru sammála um að fella beri niður keppni í framangreindum aldursflokkum, en leggja meiri áherslu á uppbyggileg atriði. Fram hafa komið hugmyndir um að veta t.d. verðlaun fyrir t.d. þrjú besta liðið, bestu boltatækni, best skipulagða varnarleik o.s.frv. Þá hafa menn einnig séð fyrir sér einstaklingskeppni í þessum aldursflokkum, sem t.a.m. gætur farið fram að kvöldi þeirra daga sem mót yrði haldið.

Tillagan gerir ráð fyrir að stjórn KKÍ fái vald til þess að útfæra hugmyndir þessar nánar í framkvæmd, og skipi jafnframt nefnd til að annast framkvæmd mótsins. Miðað er við að 1-2 önnur sambærileg mót gætu verið haldin til viðbótar þeim tveimur mótum sem KKÍ stendur fyrir, annað hvort styrkt af einstökum fyrirtækjum eða haldin af félögum sjálfstætt, að höfðu samráði við KKÍ.

Hugmyndir þessar fela í sér nokkurskonar millistig fyrir yngstu iðkendurnar, og yrði aðlögun fyrir keppnishörku næstu aldursflokka. Geta þjáfarar yngstu iðkendanna með þessu einbeitt sér að uppbyggilegri atriðum við þjálfun liðanna, sem skilar sér ótvírætt þegar til lengri tíma er litið.

Sefnt er að því að fylgja hugmynd þessari eftir með kynningar- og fræðsluáttaki. Er ekki síður verið að höfða til foreldra, enda eru þau sjónarmið ekki óalgeng að börnum sé aftrað frá þátttöku í íþróttum vegna þeirrar hörðu heppnishörku sem þar ríkir. Hafa ber í huga að oft getur leynst afreksmaður í íþróttum sem ekki er mikilll bóguur að skapi til á þessum aldri, og er því æskilegt að hæfileikarnir fái einhvern tíma til að þróast áður en keppnin verður aðalatriðið.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 31

1. Deild: Skal skipuð 8 liðum, sem leika í tveimur riðlum, sem auðkenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvort riðils. Lið X, sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði Y, skal í annari umferð leika við lið Y á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið X, sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði Z skal í síðari umferð leika við lið Z á heimavelli þess o.s.frv.. fyrstu drög að niðurröðun leikja liggi fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið raðast í lokastöðu innan riðlana skv. reglum FIBA, ef reglugerð um kórfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Næsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og leikur þar næsta keppnistímabil.

Að lokinni riðlakeppni 1. deildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvorts riðils. Úrslitakeppnin skal háð þannig að efsta lið A riðils leikur við næst efsta lið B riðils og efsta lið B

riðils leikur við næst efsta lið A riðils. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild og færist upp í úrvalsdeild. Liðið, sem lendir í 2. sæti leikur við næst neðsta lið úrvalsdeildar.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að efstu liðin í hvorum riðli fá 1. og ef með þarf 3. leikinn á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild fær það lið 1. og ef með þarf 3. leikinn á heimavelli, sem lenti ofar í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til 3. leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskiptingu skal taka mið af eftirfarandi reglu, en mótanefnd KKÍ getur þó í samráði við félögin ákveðið aðra riðlaskiptingu, þar sem tekið er tillit til landfræðilegra aðstæðna: Í A riðli leika: Liðið sem féll úr úrvalsdeild, liðin sem lentu í 5. og 7. sæti í 1. deild.

Í B riðli leika: Liðið sem beið lægri hlut í úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild, liðið sem lenti í 6. sæti í 1. deild og liðið sem kom upp úr 2. deild.

Þau tvö önnur lið, sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni, skulu dregin í sitt hvorn riðilinn.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 32)

ÞINGSKJAL NR. 32

Breytingatillaga við tillögu laga og leikreglanefndar á fyrirkomulagi í 1. deild karla

Við bættist á eftir "Það lið sem þá sigrar fyrr í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild og færist upp í úrvalsdeild" komi:

Liðið sem lendir í öðru sæti leikur við liðið í næstneðsta sæti úrvalsdeildar. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli.

Ríkharður Hrafnkelsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 33

Breytingatillaga við þingskjal nr. 20.

Tillögum skv. þingskjali nr. 20 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal haldin úrslitakeppni með sama fyrirkomulagi og í úrvalsdeild.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 34)

ÞINGSKJAL NR. 34

Tillögum skv. þingskjali nr. 20 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal haldin úrslitakeppni.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 35

Laga og leikreglanefnd mælir með að þingskjal nr. 22 (ÓLAFSBÓK) verði samþykkt með eftirfarandi breytingum: 4. grein a):

Textinn: "Ef beiðni um félagaskipti sem aðild á að KKÍ." fellur út og í stað hans komi:

Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 36

Breytingartillaga við þingskjal nr. 24.

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slíkir leikmenn löglegir o.s.frv. óbreytt.

Gísli Georgsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 37

Allsherjarnefnd leggur til að þing KKÍ álykti:

Stjórn KKÍ skipi millipinganefnd strax að hausti til að skoða starfsreglur aganefndar. Telji nefndin ástæðu til breytingar, þá leggi hún þær fyrir næsta ársþing og hljóti þær umfjöllun þar.

Allsherjarnefnd KKÍ

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 38

Þing KKI haldið 1.-2. maí 1992 ályktar:

Bikarkeppni í 1. aldursflokki karla og kvenna skal færð framár á keppnisímabilið og stefnt skal að henni ljúki með úrslitaleikjum sem leiknir verða í Laugardalshöll seinasta laugardag í janúar ár hvert

Allsherjarnefnd

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 39)

ÞINGSKJAL NR. 39

Þing KKI haldið 1.-2. maí 1992 ályktar:

Bikarkeppni í 1. aldursflokki karla og kvenna skal færð framár á keppnisímabilið og stefnt skal að henni ljúki með úrslitaleikjum sem leiknir verða í Laugardalshöll í febrúar.

Allsherjarnefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 40

Félög leytist við að hafa starfsmenn á ritaraborði ávalt starfi sínu vaxna og í efri deildum hafi þeir náð 16 ára aldri. KKI standi fyrir stuttu námskeiði í Reykjavík þar sem farið yrði yfir hlutverk og starfssvið starfsmanna á ritaraborði. Félögum verði uppálagt að senda þangað einn fulltrúa sem myndi uppfræða starfsfólk í sínu félagi. Þá mun KKI standa fyrir dómaranámskeiði sem víðast um landið.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 41)

ÞINGSKJAL NR. 41

Félög leytist við að hafa starfsmenn á ritaraborði ávalt starfi sínu vaxna og í efri deildum hafi þeir náð 16 ára aldri. KKI standi fyrir stuttu námskeiði í Reykjavík þar sem farið yrði yfir hlutverk og starfssvið starfsmanna á ritaraborði. Félögum verði uppálagt að senda þangað einn fulltrúa sem myndi uppfræða starfsfólk í sínu félagi. Þá mun KKI standa fyrir dómaranámskeiði sem víðast um landið.

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 42

Hugmyndir millipinganefndar um dómaramál í körfuknattleik og umræðuhóps um sama efni.

Unnið verði að því að halda dómaranámskeið fyrir B dómara eða unglingadómara sem fengju rétt til að dæma leiki í yngri flokkum og í 2. deild karla og kvenna. Þessi námskeið yrðu stutt, 4-6 klst. Stefnt verði að því að bjóða öllum félögum upp á að senda alla leikmenn í drengjaflokki og í unglingaflokki kvenna á slíkt námskeið. Þessir aðilar sem taka B-dómarapróf þyrftu að skila ákveðnum fjölda verkefna t.d. 10-15 leikjum á ári til að fá dómarskírteini. Þar er átt við dómægslu í leikjum yngri flokka í fjölliðamótum og í 2. deild karla. Það að fá dómarskírteini veitir ákveðin réttindi eins og t.d. að fá frítt inn á alla leiki. Það er því ákveðin guldrot fyrir þá sem taka B-prófið að skila tilskyldum verkefnum.

Ekki yrði um aðrar greiðslur að ræða fyrir þessa dómgæslu. Með þessu vinnst að fjöldi einstaklinga á hverjum stað öðlast dómararéttindi og því von til þess að hluti þeirra skili sér sem A-dómarar er fram líða stundir. Enn fremur verður möguleiki á að koma upp dómurum út um allt land þannig að unnt verði að lækka ferðakostnað félaga vegna þeirra. Félög þurfa þrátt fyrir B-dómara að eiga tilskilinn fjölda A-dómara eins og krafist er í reglugerðum KKI.

Ljóst er að fjöldi dómara er geta dæmt í úrvalsdeild er ekki nægur og að fjöldi einstaklinga sem tekur dómaraþróf hættir dómgæslu eftir 1-3 ár. Til að gera starfið eftirsóknarverðara og halda mönnum í dómgæslu er eftirfarandi lagt til:

Félög útvegi dómurum sínum dómaraþúninga til að dæma í. Það er allt annað að starfa sem dómari í þúning heldur en að dæma í íþróttagalla eða jafnvel gallabuxum.

Félög reyni að rækta félagslega þáttinn varðandi dómara. Allt of algengt er að þegar félög hafa fengið einstaklinga til að dæma fyrir sig, þá er ekkert samband haft við þá frekar. Þeir eru bara dómarar. Hugmyndir um hvað félög geta gert er t.d. þegar félög semja um skófatnað og íþróttafatnað fyrir leikmenn, því ekki að láta úrvalsdeildardómara félagsins hafa skó eða íþróttatreyjur.

Þegar félög halda hóf fyrir leikmenn því ekki að bjóða dómurum félagsins með. Þeir eru jú hluti af félaginu og hafa margir hverjir alist upp hjá félaginu.

Í umræðuhópnum var einnig rætt eftirfarandi:

Möguleiki félaga á að útbúa litla bók fyrir dómara þar sem þeir geti skráð alla leiki sem þeir dæma.

Hugmynd um að fá erlenda(n) dómara til landsins í lengri eða skemmri tíma.

ÞINGSKJAL NR. 43

Breytingartillaga við 10 grein Reglugerðar um körfuknattleiksmót.

1. deild skal skipuð 8 liðum. Leiknar skulu 3 umferðir. Fyrstu tvær umferðirnar skulu leiknar heima og heiman, en í þriðju umferð skal dregið um það hvaða lið hlýtur heimaleik. Dregið skal um oddaleikinn um leið og niðurröðun fer fram. Skal fyrri lið dregið fá heimaleik þó aldrei tvo heimaleiki í röð. Hafi félag fengið tvo útileiki í röð skal það fá heimaleik í næstu umferð, nema það lendi á móti félagi sem hefur fengið tvo útileiki í röð. Það lið sem lendir í fyrsta sæti að loknum þremur umferðum skal taka sæti í úrvalsdeild næsta keppnistímabil. Það lið sem lendir í öðru sæti skal leika tvo leiki við næstneðsta lið úrvalsdeildar, heima og heiman um þátttökurétt í úrvalsdeild næsta keppnistímabil. Neðsta lið í 1. deild fellur sjálfkrafa í 2. deild.

GREINARGERÐ

Síðastliðið keppnistímabil var háð úrslitakeppni í 1. deild karla. Það sýndi sig að þessi keppni skapaði hvorki þá umfjöllun í fjölmiðlum né þann áhorfendafjölda sem vonast var eftir og sem í raun er eina forsendan fyrir úrslitakeppni af þessu tagi. Hinsvegar fylgdu úrslitakeppninni veruleg útgjöld og er síst ástæða til að auka þau í 1. deild.

Það er skoðun okkar að úrslitakeppni í 1. deild eigi ekki rétt á sér vegna þess að hún er óþörf frá íþrótt-, eða keppnislegu sjónarmiði. Þreföld umferð sýnir styrk félaganna yfir allt keppnistímabilið.

Sá tími er ekki runninn upp að úrslitakeppni skili nægum áhorfendafjölda eða aukinni umfjöllun fjölmiðla.

Körfuknattleiksdeild ÍR
Þorsteinn Hallgrímsson

Eftirfarandi eru tillögur millipinganeftar, sem skipuð var á ársþingi KKÍ 1991, til endurskoðunar á reglum KKÍ um félagaskipti innan sambandsins. Með tillögum þessum er jafnframt lagt til að 27. grein reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót falli út.

REGLUGERÐ KKÍ UM FÉLAGASKIPTI.

1. grein

Hlutgengi:

- a) Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KKÍ er hver sá Íslenskur ríkisborgari sem félagsbundinn er í félagi innan KKÍ, og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma. Félagaskipti og hlutgengi annarra en Íslenskra ríkisborgara fer eftir reglugerð um erlenda leikmenn.
- b) Þar sem reglur um hlutgengi leikmanns, sem leikur með fleiri en einum keppnisflokki, stangast á, skal viðkomandi leikmaður einungis hlutgengur með þeim flokki/flokkum þar sem hann uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar. Leikmaður getur einungis verið hlutgengur í einu félagi í einu.
- c) Um hlutgengi Íslenskra ríkisborgara og félagaskipti á milli annars ríkis innan FIBA, skulu reglur FIBA gilda eins og þær eru hverju sinni. Er leikmanni ekki heimil keppni erlendis fyrr en KKÍ hefur gefið út leyfi (letter of clearance) samkvæmt reglum FIBA.
- d) Hlutgengi eða félagaskipti leikmanna er dvalist hafa um tíma erlendis við nám eða vinnu í ríki utan FIBA, og leikið þar körfuknattleik með félags- eða skólaliði, skal háð samþykki félagaskiptanefndar. Getur nefndin krafist viðkomandi leikmann um gögn er hún telur nauðsynleg s.s. gögn um aðild félags/skóla að sérsambandi þess ríkis. Skal nefndin við ákvörðun sína bundin af ákvæðum 8. gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ.

2. grein

Tímabil félagaskipta:

- a) Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils, og gilda um þau mismunandi reglur. Meginregla félagaskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils, á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst ár hvert. Félagaskipti utan keppnistímabils eru frjálst í öllum flokkum, að öðru leyti en leiðir af reglugerð þessari. Tímabilið 1. september til 30. apríl telst vera keppnistímabil samkvæmt reglugerð þessari.
- b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 15. febrúar, vera frjálst ef bæði félög sem aðild eiga að félagaskiptunum rita undir beiðni um félagaskiptin, auk viðkomandi leikmanns. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning pósthimpils gilda sem móttökudagur.
- c) Félagaskiptum utan keppnistímabils, í öllum keppnisflokkum, skal synjað ef skráður hefur verið leikmannasamningur hjá félagaskiptanefnd er bindur viðkomandi leikmann fram að næsta keppnistímabili, eða á þeim tíma er beiðni um félagaskipti er móttækin á skrifstofu KKÍ. Gilda þá reglur um félagaskipti eins og þær eru á keppnistímabili.
- d) Félagaskiptum í mfl. karla á keppnistímabili er skipt í þrjá hluta. Fyrsti hluti keppnistímabils telst

vera 1. september til 15. desember, og eru á þeim hluta sömu skilyrði félagaskipta og skv. b-lið. Annar hluti keppnistímabils telst vera frá 16. desember til 15. febrúar, og þarf á þeim tíma, auk skilyrða b-liðs, samþykki félagaskiptanefndar. Þriðji hluti keppnistímabils telst vera frá 16. febrúar til 30. apríl, og eru félagaskipti á þeim tíma með öllu óheimil.

- e) Hafi leikmaður ekki leikið með nokkru félagi innan KKÍ næstliðið keppnistímabil á undan þá fer um félagaskipti skv. þeim reglum sem gilda utan keppnistímabils, hvort sem beiðni um félagaskipti kemur fram innan eða utan keppnistímabils.
- f) Ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til félagaskiptanefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Heimilt er félagaskiptanefnd að úrskurða hvern aðila málsins til greiðslu gjalds skv. f-lið 3. gr.

3. grein

Félagaskiptanefnd:

- a) Félagaskiptanefnd skal skipuð fjórum nefndarmönnum. Ársþing KKÍ skal kjósa þrjá menn í félagaskiptanefnd, auk þriggja varamanna, til eins árs í senn. Stjórn KKÍ tilnefnir formann, auk varamanns. Verði atkvæðagreiðsla innan nefndarinnar jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Hlutverk félagaskiptanefndar skal m.a. vera að úrskurða um ágreining er varðar félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari.
- b) Félagaskiptanefnd annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag senda félagaskiptanefnd yfirlýsingu um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu skv. samningnum og hvaða skilyrðum félagaskipti leikmannsins eru bundin. Skal tilkynningin vera undirrituð bæði af viðkomandi félagi og leikmanni. Leikmannasamningar sem ekki eru skráðir valda ekki synjun félagaskipta utan keppnistímabils sbr. c-lið 2. gr.
- b) Kæruheimild til félagaskiptanefndar hafa félög þau er aðild eiga að skiptunum, auk viðkomandi leikmanns. Kæruheimild í tengslum við d-lið 1. gr. eiga öll félög í viðkomandi deild. Úrskurði félagaskiptanefndar verður ekki áfrýjað.
- c) Félagaskiptanefnd hefur vald til að heimila félagaskipti skv. b-lið 2. gr. þrátt fyrir að félag sem aðild á að skiptunum neiti að rita undir beiðni leikmanns um félagaskipti, ef ekki standa nægileg rök til þeirrar neitunar að mati nefndarinnar.
- d) Á öðrum hluta keppnistímabils í mfl. karla skulu öll félagaskipti háð samþykki félagaskiptanefndar. Meginreglan skal vera sú að synja um félagaskipti á þeim hluta nema mjög sérstakar ástæður séu fyrir hendi.
- e) Framkvæmdastjóri KKÍ hefur með höndum milligöngu við félagaskiptanefnd. Ef skjóta þarf máli til félagaskiptanefndar skal erindi sent til skrifstofu KKÍ, ásamt greinargerð þess er óskar úrskurðar nefndarinnar. Skal félagaskiptanefnd gefa öllum aðilum málsins viku frest til að skila greinargerð af sinni hálfu, og skal úrskurður nefndarinnar liggja fyrir innan tveggja vikna frá upphaflegu erindi. Úrskurði nefndin að félagaskipti skuli heimiluð þá lengir meðferð málsins ekki mánaðarfrest skv. b-lið 2. gr., heldur skal viðkomandi leikmaður verða löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði frá móttöku upphaflegs erindis á skrifstofu KKÍ.
- f) Aðili er óskar úrskurðar félagaskiptanefndar, skal greiða gjald til KKÍ, sem stjórn sambandsins ákvarðar á fyrsta fundi að afloknu ársþingi hvert ár. Skal það gjald gilda um öll félagaskipti er koma til kasta nefndarinnar fram að næsta ársþingi á eftir. Heimilt er stjórn KKÍ að ákveða

mismunandi gjaldflokka eftir keppnisflokkum.

- g) Nefndarmaður í félagaskiptanefnd skal víkja sæti ef félag hans á aðild að félagaskiptum þeim er til meðferðar eru, og skal varamaður hans taka sæti við meðferð þess máls. Sömu vanhæfisreglur gilda um varamenn. Engar aðrar takmarkanir eru á sérstöku hæfi nefndarmanna.

4. grein

Framkvæmd félagaskipta:

- a) Beiðni um félagaskipti skal gerð á félagaskiptaeyðublaði útgefnu af KKI. Í beiðni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og keppnisflokkur/-flokkar viðkomandi leikmanns, og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmaðrum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.
- b) Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða KKI ákveðið grunnjald sem stjórn KKI ákveður á fyrsta fundi eftir ársþing hvert ár. Við fyrstu félagaskipti greiðir leikmaður einfalt grunnjald, en skipti leikmaður aftur um félag fyrir lok keppnistímabilsins tvöfaldast grunnjaldið, fjórfaldast í þriðja skipti o.s.frv.
- c) Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKI, og skal árita þar móttökudag beiðninnar. Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnast ekki meðferðar félagaskiptanefndar, skal beiðni um félagaskipti staðfest innan viku frá móttöku beiðninnar.
- d) Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli reglna þessara skal hún endursend viðkomandi aðila innan viku frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi vikufrest til að bæta úr þeim göllum, og skal þá upphaflegur móttökudagur gilda. Ef úrskurðar félagaskiptanefndar er þörf til að beiðni sé tekin til greina skal tilkynna aðilum um það, en félagaskipti miðast þá við móttökudag nýrrar beiðni.

5. grein

Ákvæði til bráðabirgða:

Félagaskipti fram til 1. ágúst 1992 skulu fara samkvæmt reglum um félagaskipti innan keppnistímabils.

Ólafur Rafnsson.

Ingvar Kristinsson.

Sveinn Ævarsson.

Greinargerð með tillögum félagaskiptanefndar.

I.

Milliþinganefnd með þann tilgang að gera tillögur að fyrirkomulagi félagaskipta innan KKI var skipuð á ársþingi sambandsins í Stykkishólmi 1991. Var nefndin skipuð vegna umræðna á þinginu um félagaskipti almennt, í kjölfar tillögu UMFN um að heimila ekki félagaskipti eftir 1. janúar ár hvert til loka viðkomandi keppnistímabils. Með vísan til umræðna á þinginu var nefndinni falið að gera tillögur um heildarendurskoðun reglna um félagaskipti, og leggja fyrir næsta ársþing KKI árið 1992.

II.

Við samningu reglna sem þessara vegast ýmsir hagsmunir á og taka þarf tillit til ýmissa sjónarmiða. Ber þar hæst þann þrönga krákustíg sem þræða þarf á milli frelsis einstakra leikmanna til að leika með því liði sem þeir æskja annarsvegar en hagsmuna félaga varðandi uppbyggingu síns liðs hinsvegar. Leitaðist nefndin í störfum sínum við að skipa reglum á þann veg að ætíð fengist sem sanngjörnt niðurstaða hverju sinni, þótt vitaskuld hafi nefndarmönnum verið það fullljóst að aldrei verða öll vandamál séð fyrirfram. Leggur nefndin til að lausn þeirra mála verði lögð undir huglægt mat sérstakrar nefndar - s.k. félagaskiptanefndar.

Ef fyrst er vikið að þeim tveimur ráðandi sjónarmiðum sem drepið var á hér að framan, um frelsi leikmanna og rétt félagsliðs, þá er þess fyrst að geta að menn hljóta að geta verið nokkuð sammála um grundvallarfrelsi leikmanna til að velja sér félag og að skipta um félag þegar t.d. atvikum er háttáð á þann veg að leikmaður flyst búferlum, lendir upp á kant við þjálfara o.s.frv. Á hinn bóginn vega þau sjónarmið ekki síður þungt að félag geti nokkum veginn treyst því að halda upphaflegum leikmannahópi út keppnistímabil án þess að þurfa að sæta því að t.d. önnur félög bjóði leikmönnum þess fríðindi sem heimaliðið getur ekki boðið, eða jafnvel að leikmenn geti á síðari hluta móts "stíllt liði sínu upp við vegg" varðandi ýmsa fyrirgreiðslu. Jafnframt ber að hafa það sjónarmið í huga að um getur verið að ræða leikmann sem algerlega er "alinn upp" hjá liði sínu, en það lið hafi t.d. ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita viðkomandi leikmanni sömu fyrirgreiðslu og e.t.v. stærri félög. Hafa félög í auknum mæli leyst þau mál með leikmannasamningum, sem vikið verður að hér síðar.

Þau vandamál sem hér um ræðir eru nær eingöngu til staðar í mfl. karla, og var reynt að feta áður nefndan krákustíg með því að skipta keppnistímabili þess flokks í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er frelsi leikmanna virt nokkurn veginn ótakmarkað, með því að fram til 15. desember ár hvert nægir leikmanni undirritun beggja félaganna til félagaskipta, og hefur auk þess rétt til að skjóta máli sínu til félagaskiptanefndar ef ekki er orðið við slíku að ástæðulausu. Í þriðja hluta er fyrri reglu haldið óbreyttri frá því sem verið hefur, þ.e. tekið er fullkomið tillit til hagsmuna félaganna og félagaskipti algerlega bönnuð frá 15. febrúar ár hvert til loka keppnistímabils.

Hinar byltingarkenndu breytingar sem milliþinganefndin leggur til eru þær að á tímabilinu 16. desember til 15. febrúar verði félagaskipti óheimil án samþykkis félagaskiptanefndar, sem skal leggja huglægt mat á beiðni um félagaskipti á því tímabili. Meginreglan skal vera sú að beiðni um félagaskipti verði hafnað, en í undantekningartilvikum verði félagaskipti heimiluð ef leikmaður eða félag sem hann óskar skipta til, sýna fram á það á óhrekjanlegan hátt að tilteknað aðstæður séu fyrir hendi.

Ljóst er að fyrstu úrskurðir félagaskiptanefndar koma til með að verða erfiðir, þar sem þeir munu hafa mótandi áhrif á framkvæmd reglnanna framvegis, en það er skoðun milliþinganefndar að félagaskiptanefndin eigi að fara mjög varlega í að samþykkja félagaskipti á öðrum hluta keppnistímabilsins, og ef nokkur vafi er þá að synja um skiptin s.s. ef grunur er um að félagaskiptin séu tilkomin vegna tilboðs frá því liði sem leikmaður óskar skipta til. Leggja yrði þó þá skyldu á félag það er leikmaður óskar skipta frá, verði við áskorun um framlagningu greinargerðar. Að öðrum kosti yrði að byggja atvikalýsingu á fyrirbyggjandi gögnum þess félags er óskað er skipta til.

Félagaskiptanefnd ber að afla nauðsynlegra gagna í þessu skyni, og veita báðum aðilum kost á að skila greinargerð af sinni hálfu. Gengið er út frá því að hámarkstími á meðferð máls fyrir félagaskiptanefnd

geti orðið tvær vikur, en jafnframt að verði félagaskipti heimiluð þá miðist mánaðarfrestur hlutgengis við móttökudag beiðni á skrifstofu KKÍ. Ástæða er ennfremur til þess að úrskurðum nefndarinnar verði ekki áfrýjað, þar sem skjót afgreiðsla málsins skiptir verulegu máli eins sú staðreynd að þeir hagsmunir sem hér búa að baki réttlæta ekki málskotsleið til dómstóls KKÍ eða héraðsdómstóls.

Sú nýbreytni er jafnframt í tillögum millipinganevndarinnar að leikmannasamningar félaga verði skráðir hjá félagaskiptanevnd. Ekki er ætlunin að svo stöddu með ákvæði þessu að félögin upplýsi trúnaðarmál á borð við greiðslur o.p.h. til leikmanna, heldur er eingöngu litið til atriða er takmarkað geta félagaskipti viðkomandi leikmanns. Fer skráning samningsins fram í formi yfirlýsingar þar sem þau atriði koma fram, og myndu þar með valda synjun félagaskipta utan keppnistímabils ef beiðni kæmi fram um slíkt frá leikmanni. Hér er verið að líta til framtíðar, og þróun þessara mála sett í þann farveg að haldið verði utan um þessi mál frá byrjun. Ekki er hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að leikmannasamningar eru til staðar í dag, og þróunin innan annarra samtaka s.s. HSÍ og KSÍ hefur orðið sú að verðleggja leikmenn við félagaskipti. Hvort KKÍ fylgir þeirri þróun algerlega skal ósagt látið, en rétt þykir að til sé aðili innan KKÍ er komi til með að hafa með höndum samræmingu hvað þetta varðar. Telur millipinganevndin að hér muni verða um umsvifamikinn þátt í starfi félagaskiptanevndar innan fárra ára.

Til þess að koma í veg fyrir félagaskipti er ganga hugsanlega gegn núgildandi leikmannasamningum félaga hefur verið sett bráðabirgðaákvæði í 5. grein reglugerðarinnar. Felur ákvæði þetta í sér að félagaskipti fram til 1. ágúst 1992 fara eftir reglum innan keppnistímabils. Þarf viðkomandi leikmaður því undirritun þess félags er hann óskar skipta frá undir beiðni um félagaskipti. Er félögum með ákvæði þessu gefinn rúmur tími til skráningar leikmannasamninga hjá félagaskiptanevnd KKÍ.

Í tillögum millipinganevndarinnar er tekið á margumræddu deilumáli varðandi nám eða störf leikmanna á erlendri grund í ríkjum utan FIBA, einkum skólavist í Bandaríkjunum. Hefur oft orðið nokkur umræða um það hvort slíkir leikmenn hafi verið fengnir heim til t.d. þátttöku í úrslitakeppni án þess jafnvel að hafa lokið námi þann veturinn. Þykir millipinganevnd ekki ástæða til að takmarka verulega þessa heimild, með hliðsjón af c-lið 8. gr. reglugerðar móta- og keppendareglna ÍSÍ, um félagsmálaréttindi íþróttamanna innan vébanda ÍSÍ. Hlutgengi viðkomandi leikmanns er engu að síður háð samþykki félagaskiptanevndar, en komi leikmaður til með að leika með sama félagi hérlendis og áður en hann hélt utan myndi nefndin að öðru óbreyttu veita samþykki sitt.

Í þessum tilvikum er veittur rýmri kærufrestur en varðandi önnur mál er koma til kasta félagaskiptanevndar, þannig að öllum félögum í viðkomandi deild er gefinn kostur á aðild að kæru. Hér er atvikum háttáð á þann veg að einungis eitt íslenskt lið er aðili að félagaskiptunum, og er talið rétt að önnur lið í deildinni hafi kost á því að gæta hagsmuna sinna. Hafa ber í huga að það lið sem kærir þarf að bera kostnað af meðferð fyrir félagaskiptanevndinni.

III.

Millipinganevndinni er engin launung á því að með reglum þessum er verið að þyngja félagaskipti nokkuð, enda verður að telja að til undantekninga heyrir ef leikmaður geti ekki valið sér lið fyrir keppnistímabil. Getu þess til hliðsjónar að þróun félagaskiptareglna innan t.d. HSÍ og KSÍ hafa verið í þá áttina að loka algerlega fyrir félagaskipti á keppnistímabilinu, en það skref er ekki stigið til fulls í tillögum þessum. Til þess að ekki verði um misnotkun á þeirri leið sem opnuð er til félagaskipta á öðrum hluta keppnistímabils í mfl. karla leggur millipinganevnd til að gjald fyrir málsmeðferð félagaskiptanevndar verði ákveðið í hærri kantinum af stjórn KKÍ ár hvert.

Með stofnsetningu félagaskiptanevndar er ekki verið að auka á bákn KKÍ, heldur er einfaldlega verið að taka af skarið hvernig meðhöndla skuli tiltekin ágreiningsmál eða afgreiða tiltekna beiðni, undir sérstökum kringumstæðum sem verða að teljast til undantekningartilvika. Með stofnun félagaskiptanevndar er einnig verið að líta nokkuð til framtíðar, þar sem gera má ráð fyrir því að með

auknu fjármagni innan korfuknattleikshreyfingarinnar, auknum fjárkröfum leikmanna og auknum fjölda samninga við leikmenn, þurfi að hafa stjórn á þeim málaflokkum áður en þau mál fara úr höndum. Er þetta í fullkomnu samræmi við þann lögbundna tilgang KKÍ að hafa yfirstjórn allra íslenskra korfuknattleiksmála.

Varðandi reglugerð um erlenda leikmenn, þá tók millipinganefndin ekki afstöðu til þess málaflokks, enda var nefndinni ekki falin endurskoðun þeirrar reglugerðar. Um hlutgengi erlendra leikmanna fer samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn, og hafði millipinganefndin það til hliðsjónar að sú reglugerð stangast ekki á við tillögur nefndarinnar varðandi reglugerð um félagaskipti íslenskra ríkisborgara.

Að lokum vill millipinganefndin geta þess að við samningu reglugerðar þessarar var tekið mið af því sjónarmiði að æskilegra er að hafa nákvæmni í orðalagi frekar meiri, með það fyrir augum að eyða óvissu varðandi gildandi reglur á þessu sviði. Á hinn bóginn var leitast við að hafa texta reglugerðarinnar ekki svo umfangsmikinn eða flókinn að hann yrði óaðgengilegur fyrir félagsmenn sambandsins.

Ólafur Rafnsson.

Ingvar Kristinsson.

Sveinn Ævarsson.